



Ársskýrsla 2020-2021

Dagskrá

 Föstudagur 25. mars

Timi	Dagskrárliður
16:20	Skráning þingfulltrúa hefst
16:50	Skráningu þingfulltrúa og frágangi kjörbréfa lýkur
17:00	Þingsetning og kjör starfsmanna og nefnda þingsins Ávarp formanns FRÍ Ávörp gesta Afhending heiðursviðurkenninga
17:45	Stutt hlé
17:55	Skýrsla stjórnar og reikningar lagðir fram Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga Framlagning mála
19:15	Matarhlé
20:00	Nefndastörf (nefndastörf eru í samræmi við fjölda þingskjala)

63. Frjálsíþróttapings á Selfossi

Dagskrá

 Laugardagur 26. mars

Tími	Dagskrárliður
09:00	Heimsókn í Selfosshöllina – Frjálsíþróttaaðstaðan skoðuð í þaula
09:30	Morgunhressing og lokastörf í nefndum
10:00	Málstofa – „Hvernig ræsum við af krafti eftir kófið?“
11:30	Umræður og afgreiðsla þingmála
12:30	Hádegisverðarhlé
13:00	Kosningar (fara fram fyrir hádegi ef tími vinnst til) Kosning formanns og annarra stjórnarmanna Kosning formanna fastanefnda Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ
13:30	Þingstörf halda áfram að kosningum loknum, ef þörf krefur
14:00	Þingslit (fer fram fyrir hádegishlé ef tími vinnst til)

Kæru þingfulltrúar,

Verið velkomin á Selfoss, þessa miklu uppeldisstöð íslensks frjálsíþróttafólks, jafnt íþróttafólks sem leiðtoga!

Við erum ánægð með að geta aftur boðið til vorþings, eftir að hafa þurft að hörfa til hausts undan heimspæst með okkar þing árið 2020. Þá er okkur, stjórn og starfsfólki FRÍ, sérstakt ánægjuefni að geta boðið hér til þings í raunheimum. Eins góð og tæknin er til samskipta og fjarfunda þá kemur það aldrei í staðinn fyrir ánægjuleg bein persónuleg samskipti á þingi sem þessu.

Við munum þó eins og á undanförunum þingum reyna að nota tæknina hér á þinginu og notum rafræn gögn eins og hægt er.

Ég vil þakka sérstaklega öllum þeim sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera þingið að veruleika. Sérstakar þakkir vil ég færa sveitarfélaginu Árborg sem býður þessa dagana ekki aðeins upp á frábæra frjálsíþróttastöðu innan húss sem utan, heldur býður okkur, þingheimi einnig upp á góðan mat, grunn að góðu þingi.

Þökkum við einnig frjálsíþróttadeild Selfoss sem tekur á móti okkur hér á sínum heimavelli.

Síðast en ekki síst þakka ég þingfulltrúum öllum fyrir að sýna þinginu þá virðingu að mæta og leggja sitt af mörkum til að efla okkar kæru íslensku frjálsíþróttahreyfingu.

Megi 63. Frjálsíþróttaping verða okkur minnisstætt sem tímamótaping fyrir íslenskar frjálsíþróttir þar sem við leggjum í uppbyggingarskeið eftir erfið ár.

Freyr Ólafsson,

formaður FRÍ



Pingfulltrúar 2022

HHF

24 iðkendur
2 þingfulltrúar

ÍBH

565 iðkendur
8 þingfulltrúar

UMSS

104 iðkendur
4 þingfulltrúar

HSH

35 iðkendur
2 þingfulltrúar

ÍBR

588 iðkendur
8 þingfulltrúar

USAH

81 iðkendur
3 þingfulltrúar

HSK

404 iðkendur
7 þingfulltrúar

UDN

71 iðkendur
3 þingfulltrúar

USÚ

22 iðkendur
2 þingfulltrúar

HSS

29 iðkendur
2 þingfulltrúar

UÍA

76 iðkendur
3 þingfulltrúar

USVH

22 iðkendur
2 þingfulltrúar

HSV

75 iðkendur
3 þingfulltrúar

UMSB

61 iðkendur
3 þingfulltrúar

USVS

48 iðkendur
2 þingfulltrúar

HSP

121 iðkendur
4 þingfulltrúar

UMSE

42 iðkendur
2 þingfulltrúar

ÍBA

99 iðkendur
3 þingfulltrúar

UMSK

211 iðkendur
5 þingfulltrúar

Starfsskýrsla stjórnar - samantekt	7	Íslandsmet sett árið 2020	41
Frekar af störfum stjórnar	8	Utanhúss	41
Viðurkenningar	21	Íslandsmet sett árið 2020	43
Viðurkenningar árið 2020	21	Innanhúss	43
Viðurkenningar árið 2021	22	Íslandsmet sett á árinu 2021	45
Íþróttá- og afreksmál	23	Utanhúss	45
Fagteymi	23	Íslandsmet sett á árinu 2021	49
Alþjóðleg keppni	24	Innanhúss	49
Mót árið 2020	24	Lykiltölur úr ársreikningum FRÍ	51
Norðurlandameistaramót innanhúss	24		
Heimsmeistaramót í ½ Marafoni	25		
Mót árið 2021	25		
Evrópubíkarkeppni í köstum	25		
Evrópubíkarkeppni í 10.000m hlaupi	25		
Evrópubíkarkeppni landsliða	25		
Evrópumeistaramót U23 ára	28		
Evrópumeistaramót U20 ára	28		
Ólympíuleikar	28		
Heimsmeistaramót U20 ára	29		
Norðurlandamót í víðavangshlaupum	29		
Skýrslur nefnda FRÍ	30		
Dómaranefnd	30		
Fræðslu- og útbreiðslunefnd	31		
Íþróttá- og afreksnefnd	31		
Laganefnd	32		
Langhlaupanefnd	32		
Mótanefnd	33		
Mannvirkjanefnd	34		
Orðunefnd	36		
Skráningarnefnd	36		
Afrekaskrá	36		
Félagatal	36		
Félagaskipti	37		
Mótaumsókn	37		
Stjórnkerfi FRÍ	37		
Mótaforrit	38		
Móta- og hlaupapassi	38		
Unglinganefnd	38		
Öldungaráð	39		



Starfsskýrsla stjórnar - samantekt



Nú er að ljúka stuttu starfstímabili stjórnar FRÍ þar sem þingi 2020 þurfti að fresta vegna heimsfaraldurs til hausts, eða 1. október 2020. Stjórnin var kjörin á snörpu eins dags þingi í Hafnarfirði.

Á fyrsta fundi skipti ný stjórn með sér verkum og var aðalstjórn svo skipuð út það kjörtímabil sem nú er að ljúka:

Freyr Ólafsson, *formaður*

Guðlaug Baldvinsdóttir, *varaformaður*

Kári Steinn Karlsson, *gjaldkeri*

Gunnar Svavarsson, *ritari*

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, *meðstjórnandi*

Í varastjórn voru kjörin á þingi:

Eiríkur Mörk Valsson

Björgvin Víkingsson

Björg Ágústsdóttir

Fjóla Signý Hannesdóttir

Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson

Ofangreint var nokkur breyting frá fyrri stjórn. Guðlaug Baldvinsdóttir nýr varaformaður og Kári Steinn Karlsson nýr gjaldkeri auk þess sem Aðalbjörg Hafsteinsdóttir kom inn í aðalstjórn úr varastjórn. Þegar leið á tímabilið vék Fjóla Signý Hannesdóttir frá stjórnarstörfum.

Afgreiðslu og framgang einstaka mála fráfarandi stjórnar má alltaf lesa um í opinberum fundargerðum stjórnar en einnig má sjá það helsta samantekið í kaflanum Frekar af störfum stjórnar, aftar í þessari skýrslu. Þar kemur fram að helstu verkefni stjórnar á starfstímabilinu tengdust áskorunum tengdum heimsfaraldrinum.

Það sem stjórn tekur fram sem jákvæða þætti að loknu þessu tímabili er:

- Rekstur í jafnvægi, þrátt fyrir miklar áskoranir og óvenjulega tíma.
- Aukinn kraftur settur í miðlun, sem hefur verið vel tekið af hreyfingunni.
- Aukið og öflugra starf en nokkru sinni fyrr á skrifstofu sambandsins.
- Nýtt útlit sem sýnt var á síðasta þingi nýtt í allri miðlun sambandsins.
- Árangur í ýmsum greinum hefur verið með miklum ágætum, þrátt fyrir aðstæður.
- Mikil og virk þátttaka í styttri fjarfundum með hreyfingunni.
- Aukið samstarf og tíðara með Norðurlandapjóðum með fjarfundum.
- Áframhaldandi góður stuðningur ÍSÍ og Afrekssjóðs sérstaklega.

Áskoranir tímabilsins eru augljósar og okkar að taka á saman:

- Hreyfingin hefur verið í vörn vegna heimsfaraldurs og takmarkana sem hafa bitnað á félögum og iðkendum. Öllu starfi.
- Enn er óvissa um uppbyggingu þjóðarleikvangs í frjálsíþróttum og sambandið illa statt með að bjóða upp á heimavöll í alþjóðlegu samstarfi fyrir stærri viðburði.
- Áskoranir í viðskiptalífinu vegna faraldurs hafa takmarkað sókn í frekara samstarf, en um leið verður að þakka þeim sem þó hafa stutt sérstaklega vel við okkar starf. Þar má telja Icepharma, umboðsaðila Nike, Valitor, Bílaleigu Akureyrar, Cabin hótél, Svefn og Heilsu og World Class.

Frekar af störfum stjórnar

Stjórn FRÍ hefur fjallað um fjölmörg málefni á síðastliðnum tveimur starfsárum, starfsárin voru í raun nokkuð styttri en ella þar sem ársþingið 2020 var haldið í Hafnarfirði að hausti en ekki að vori eins og til stóð. Mikil röskun varð vegna Covid19 á starfsárinu 2020 sem hélt áfram allt árið 2021 og allt fram á árið 2022. Nú í aðdragand ársþings FRÍ árið 2022 er ekki fyrséð hvernig íþróttasamfélaginu muni ganga á árinu 2022, en bjartar vonir eru þó um að engar takmarkanir vegna Covid19 verði lengur til staðar, þá er brautin beinni en áður. Það má þó telja að reynsla hreyfingarinnar og aðildarfélaganna á umliðnum árum verði þeim veigamikil veganesti inn í ókomna framtíð.

Stjórn FRÍ stýrir starfi sambandsins í umboði Frjálsíþróttabings, sem haldið er annað hvert ár. Núverandi stjórn var kjörin á þingi í Kaplakrika í Hafnarfirði 2. október 2020 og skipaði með sér verkum eins og fram kemur að framan.

Stjórn FRÍ hófst strax handa eftir síðasta ársþing með að vinna úr niðurstöðum þingsins og gekk vel að ganga frá þingerðinni að þessu sinni, röskir ritarar voru þar á ferð. Unnið var að skipan fastanefnda og gekk mönnun vel en nefndirnar voru misfljótar af stað eftir ræsingu. Haldnir voru 23 stjórnarfundir og er það heldur minna en á löngu starfstímabili síðustu stjórnar, ásamt því að flestir fundirnir voru rafrænir. Hér skal vikið að nokkrum mála sem um hefur verið fjallað á starfstímabili stjórnar, en fundargerðir stjórnar eru allar birtar, strax í kjölfar stjórnarfunda, á vef FRÍ, með nýjum ógleymanlegum lokaorðum hverju sinni.

Áfram var haldið af hálfu stjórnar FRÍ og afreksstjóra að skilgreina og endurmeta regluverk vegna Afreksstefnu FRÍ og Afrekssjóðs FRÍ. Eru breytingar og endurrýni stöðugt í gangi vegna áskorana inn á við en ekkert síður vegna reglu- eða áherslubreytinga hjá ÍSí um Afrekssjóð ÍSí og kröfur til sérsambanda.

Aðildarfélögin hafa verið upplýst reglulega um breytingar á afreksreglum FRÍ og um málin rætt á formannafundum. Almenn ánægja er með vinnuna vegna afreksmála og var úthlutun á grunni reglnanna tvisvar á ári, sú seinni um eða eftir uppskeruhátið FRÍ í vetrarbyrjun.

Stjórn FRÍ setti í kjölfar þingsins árið 2018 starfsreglur um reglugerðarbreytingar. Á þessu þingi urðu breytingar á lögum FRÍ

þess efnis að stjórn væri heimilt milli þinga að breyta reglugerðum. Þessar starfsreglur kveða á um að stjórnin getur afgreitt án aðkomu aðildarfélaga óverulegar breytingar, en ef um verulegar breytingar er að ræða þá þarfnast slíkar tillögur umfjöllunar aðildarfélaga, áður en stjórn afgreiðir að fullu. Nokkuð var um slíkar afgreiðslur á starfstímabilinu og ávallt gert í samræmi við regluumhverfið. Mikilvægt er á viðkvæmum tímum, líkt og í Covid19 ástandi, að öll hreyfingin sé upplýst ef fyrirhugaðar eru breytingar, en einnig upplýst ef að breytingar hafa orðið.

Eitt af þeim málum sem ávallt koma upp er umræða um dómaramál, námskeiðahald og réttindi. Mjög mikilvægt er að fjölga í dómarastéttinni og um leið að tryggja að dómarastörfín séu unnin af metnaði og alúð. Stjórn FRÍ telur að það þurfi að horfa til annarra sérsambanda í þessu efnum t.d. með greiðslu fyrir aðkomu að viðamiklum störfum. Mikilvægast er þó að það séu til staðar dómarar á öllum mótum þ.a. þau megi fara fram skv. regluverkinu. Tímatökumál og búnaður vegna þeirra fékk ítarlega umfjöllun. Tímataka ehf. hefur haft þjónustusamning vegna þessa og var sá samningur framlengdur á starfstímabilinu.

Áfram ræddi stjórn FRÍ nokkuð um blandaða keppni karla og kvenna þá sérstaklega í yngri aldursflokkum. Málið komst á góðan rekspöl og fyrir liggja greinargóðar reglur og túlkanir í reglum vegna þessa og gera má ráð fyrir að þingfulltrúar Frjálsíþróttabings 2022 hafi um það skoðanir úr reynsluheimi sínum. Mikilvægt er að gera allt til þess að standa á bak við fjölgun iðkenda sérstaklega í hinum dreifðari byggðum.

Þær breytingar sem stjórn FRÍ gerði

varðandi afgreiðslu og þátttöku stjórnar FRÍ með val á landsliðsfólki eða á keppnisfólki í einstaka keppnisferðum, hafa reynst vel, enda nú rík aðkoma afreksstjóra sem vinnur valið á faglegum grunni. Erindin berast flest frá ÍÞA, unglínganefnd eða langhlaupanefnd. Nú er fyrirkomulagið í föstu ferli, dagsetningar um ákvarðanir fastar og vinnuferlar skilvirkari. Tryggt hefur verið, eftir fremsta megni, að viðmið/lágmörk/reglur vegna utanlandsmóta séu skýrt framsett og leikreglur öllum ljósar s.s. kostnaðarhlutdeild og styrkir. Þá hefur FRÍ komið til móts við starfsmannahald í þessum ferðum með greiðslu dagpeninga þar sem það á við.


Fjármál hreyfingarinnar eru til umræðu á nær hverjum stjórnarfundi FRÍ. Rætt um innheimtu á þjónustutekjum, styrkjum og einnig umræður um gjaldahliðina. Fjárstreymi úr afrekssjóði ÍSÍ kallast á við mjög stóran hluta af afreksmálum FRÍ. Þá er reglulega farið yfir uppgjör á einstaka verkefnum s.s. RIG eða öðrum viðburðum FRÍ. Fjármálin tengjast með beinum og óbeinum hætti rekstri skrifstofu FRÍ og starfsmannahaldi. Það skipulag sem nú er til staðar er alltaf í sískoðun en stefnan er að hafa fastráðna starfsmenn til að standa á bak við þau verkefni sem augljóst er að sambandið þarf að vinna að. Má þar m.a. nefna afreksmál, unglíngamál og sérstök verkefni eins og hlaupaverkefnið.

Umhverfismál hafa fengið meira vægi en áður og á norrænum vettvangi hefur FRÍ tekið þátt í umræðu um umhverfismál almennt, endurnýtingu og loftslagsmál. FRÍ hefur kynnt sér norskt módel og norskar lausnir og mikilvægt er að fá aðila innan hreyfingarinnar til að vera í lausnamiðuðum umhverfishópi til að skoða hluti tengda stöðu FRÍ og Íslands. Stjórn FRÍ ákvað að setja slíka vinnu af stað.



Ráðning framkvæmda- og afreksíþróttastjóra fór fram veturinn 2016-2017 eftir að breytingar urðu í starfsmannahaldi, en Guðmundur Karlsson hefur nú starfað hjá FRÍ síðan vorið 2017 með góðum árangri sem framkvæmdastjóri og afreksstjóri FRÍ. Nokkrir verkefnastjórar hafa einnig starfað á skrifstofu FRÍ með góðum árangri á starfstímabilinu 2020-2022, lengst af Íris Berg Bryde og Kristófer Þorgrímsson en á árinu 2021 bættist við Marta María B. Siljudóttir. Má segja að með öllu þessu fólki hafi skrifstofa FRÍ eflst í hvívetna. Það er von stjórnar FRÍ að geta eftt skrifstofu FRÍ enn frekar. Þá ber að minnast á að Gunnlaugur Júlíusson er verkefnastjóri hlaupaverkefnis og Sigurður Arnar Björnsson verkefnastjóri A-landsliðsmála en báðir eru þeir vel þekktir innan hreyfingarinnar. Framkvæmdastjórufundur Norðurlandanna var haldinn rafrænt 16. september 2020 og síðan 14.-15. september 2021 og var góður rómur gerður að þátttöku og áherslum FRÍ. Þá tóku framkvæmdastjóri, formaður og varaformaður þátt í alþjóðastarfi bæði árin og að auki fór framkvæmdastjóri á Evrópuráðstefnu EAA sem haldin var í Lausanne Sviss dagana 14.-16. október 2021. Þá var þátttaka frá FRÍ í fjölmörgum viðburðum innanlands s.s. ársþingi ÍSÍ, aðalfundum héraðssambanda, íþróttabandalaga og aðildarfélagu auk vígluhátíða og keppnishalds.

Gerð hefur verið úttekt á innra og ytra starfi FRÍ. Um er að ræða svokallað SIGS verkefni sem Evrópska frjálsíþróttasambandið stendur fyrir. Niðurstaðan úr verkefninu er að margir stjórnsýsluþættir hjá FRÍ eru vel á veg komnir og í góðum farvegi, en aðrir síður. Margt ræðst af smæð sambandsins og að umfangið er í minna mæli ef borið er saman við Evrópustarf eða á heimsvísu. FRÍ má samt sem áður vel við una með niðurstöðuna.



Heimasíðan, Facebook og Instagram hafa verið í stöðugri uppfærslu og má þakka það öflugum og framsýnum starfsmönnum og um leið leiðarlinum formanns. En samfélagsmiðlatengingar frá FRÍ eru alla jafna glæsilegar, í aðdraganda móta, á mótisstað og við uppgjör móta. Þá eru þess á milli rifjuð upp gömul og ný met og reynt að halda úti lifandi og skemmtilegum vefmiðlum sem einkonar fréttalindum sem stöðugt streymir frá. Fylgjendum á samfélagsíðum FRÍ hefur fjölgað gríðarlega og eru fylgjendur FRÍ einn stærsti fylgjendahópurinn innan sérsambanda ÍSÍ, en þá um leið skiptir gífurlega miklu máli að halda við fréttuumfjöllun á miðlunum. Það sýnir sig þegar stærri afrek hafa skilað sér í hús er ásókn á miðlana mjög mikil.

 > icelandathletics  > /FRISL

Samstarf við fjölmiðla hefur verið með ágætum. Mest er samstarfið við RÚV en hefur íþróttadeild RÚV verið einna duglegust að fylgja eftir frjálsíþróttakeppni hérlendis og erlendis. Má m.a. minnast á beinar útsendingu frá ÓL, EM og HM. Umfjöllun RÚV vegna ÓL 2021 í Tokýó var stórkostleg og enn og aftur var það umfjöllun um frjálsar íþróttir sem skilaði mestu áhorfi, skv. áhorfendamælingum RÚV. Aðrir fjölmiðlar hafa einnig flutt fréttir jafnóðum eða með samantektum en ljóst er að með tilkomu samfélagsmiðla og streymisfrétta þá hefur umfjöllun um íþróttaviðburði tekið breytingum. Hreyfingin þarf með einum eða öðrum hætti að fylgja eftir þeim breytingum og stuðla að því að mót hérlendis taki mið af þeirri áskorun sem breytingarnar hafa í för með sér, lífandi lífæð mótanna verður að gerast nær í rauntíma, en að öðrum kosti er fréttin úrelt. Allar þær breytingar sem FRÍ hefur unnið að endurspegluðust m.a. í niðurstöðu vinnu er varðar ímyndarmál FRÍ, sem sýnd var á ársþingi FRÍ 2020 og var innleidd innan FRÍ í kjölfarið.

FRÍ ehf. er einkahlutafélag í eigu sambandsins. Félagið var sett saman fyrir um 16 árum. Félagið er eignalaust og í því fer engin starfsemi fram. Stjórnarmenn FRÍ eru stjórnarmenn FRÍ ehf. Tímaspursmál er hvenær félagið er lagt niður, en stjórn FRÍ hefur hins vegar talið að verðmæti séu bundin í stofnun félagsins og tilvist þess og því beri að viðhalda félaginu, án starfsemi.

Líkt og áður hefur komið fram var starfstímabilið 2020-2022, hjá stjórn FRÍ, háð margskonar áskorunum og jafnvel erfiðleikum vegna sóttvarnartakmarkana. Stjórn FRÍ hélt samt sem áður nokkra opna samtalsfundir á tímabilinu 2020-2021, sérlega vegna keppnishalds s.s. sumarið 2021. Stefnt var að ljúka því átaki sem hófst 2017 með að heimsækja sem flest aðildarfélög. Verkefnið náði ekki fram að ganga og eru það vissulega vonbrigði að ekki hafi náðst að funda með öllum félögum. Alltaf var verið að biðja eftir að betri aðstæður myndu skapast til að eiga fundina í raunheimum og á staðnum á heimavelli og heimasveit félagsins. Fundirnir áttu einnig að skapa tækifæri til að eiga samtöl við fulltrúa sveitarstjórna vegna aðstöðumála. FRÍ hefur, þessu tengt, í aðdraganda fjárhagsáætlunargerðar sveitarfélaganna, ár hvert, sent öllum sveitarfélögum sem hafa aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir áskorun um viðhalds- og nýframkvæmdir. Hefur því verið vel tekið af sveitarfélögum og aðildarfélögum. Mjög mikilvægt er að eiga tækifæri til að eiga samræður með aðildarfélögum við íþróttayfirvöld í sveitarfélögum og eru slík samræður af hinu góða og má segja að dropinn holi oft á tíðum steininn í þessum efnum um framgang verkefna innan héraða. Er ljóst að opnari stjórnsýsla hjá FRÍ með viðtækari samræðum er komin til að vera sem einn af lykilþáttum í samræmingu og upplýsingastreymi til og frá aðildarfélögum. Með stuðningi og forystu sveitarfélaganna í mannvirkjamálum mun starfið síðan þokast áfram, dag eftir dag, í rétta átt verða betra í dag en í gær.

Hlaupaverkefni FRÍ heldur stöðugt áfram og má segja að um sé að ræða eilífðarverkefni. Aðstæður á tímabilinu hafa vissulega sett strik í reikninginn en innri vinna hefur verið nokkur, líkt og fyrri ár, og vonandi nær verkefnið því flugi sem stefnt hefur verið að um langan tíma. Það er vitað að í öllum landshornum eru starfandi stórir og smáir hópar sem hafa þann tilgang að örva landsmenn til þátttöku í hreyfingu s.s. hlaupum. Þessi hópar eiga sumir hverjir aðild

að FRÍ í gegn frjálsípróttafélög og deildir en aðrir ekki. Með innleiðingu lýðheilsuverkefna á vegum FRÍ þá er ljóst að hér á landi er verðugt tækifæri fólgið í því að ná betur til iðkenda í hlaupahópum og stuðla þannig að auknu samstarfi innan hreyfingarinnar. Vissulega eru það stjórn FRÍ mikil vonbrigði að áætlun um framvindu verkefnisins urðu ekki eins og stefnt var að, en ítrekað er að aðstæður s.s. Covid19 sóttvarnareglur settu margt úr skorðum.

Mótahald krefst mikils utanumhalds á vegum FRÍ og störf mótanefndar gríðarlega mikilvæg, líkt og annarra fagnefnda. Þessi starfsár hefur allt sést í inngrípum, takmörkunum og frestunum, bæði innanlands og erlendis. Miklar breytingar geta einnig orðið á fyrirhuguðu mótahaldi sökum vallaraðstæðna, starfsmannahalds eða nú um stundir eru það sóttvarnareglur og má segja að starfsmenn skrifstofu FRÍ séu alla daga að miðla og upplýsa um tækifæri og regluverk vegna sóttvarna. Reglurnar hafa breyst ört miðað við stöðuna í þjóðfélaginu. Mótaskráin sem áætlun getur því orðið meira lifandi en ella og þurft aðkomu skrifstofu, stjórnar og aðildarfélaga. Mótamál eru því almennt stór þáttur í starfsemi stjórnar og skrifstofu FRÍ. Án óbeinnar og beinnar aðkomu aðildarfélaga FRÍ væri framgangur mótanna ekki mögulegur. Mikilvægi þess að hreyfingin vinni saman að mótunum með hvatningu og aðkomu sín á milli er mjög mikilvægur. Alltaf vantar starfsmenn á mót og þekking starfsmanna mismikil þegar kemur að mótahaldi. Mikilvægt er að reynslan skili sér á milli fólks innan og á milli félaga. Gott samstarf er við aðildarfélögin og hefur stjórn FRÍ oft en einu sinni kallað til fundar, með stuttum fyrirvara, til að leita sameiginlegra lausna. Það er ómetanlegt því mótahald á vegum FRÍ verður aldrei til staðar nema með þátttöku og vilja aðildarfélaga. Stjórn FRÍ vill með einum eða öðrum hætti efla þennan þátt og boðar áherslubreytingar í þessa veru til að tryggja að mótahald, undirbúningur og áætlanir séu með ennþá markvissari framsetningu og eftirfylgni en verið hefur. Mótin eru fjöregg hvers iðkanda og verða mótin að vera það vel slípuð að þau skili tilætluðum tilgangi.



Síðastliðin þrjú Covidár hafa verið FRÍ og allri íþróttastarfsemi hérlendis sem erlendis mjög erfið. Mótahald á erlendum vettvangi var nær aldrei með eðlilegum hætti og keppnisárið 2021 einkenndist meira af tilviljunum heldur en hitt. Mót voru felld niður með skömmum fyrirvara vegna sóttvarnareglna og fá landsliðs- og afreksverkefni 2021. Það má þó ekki horfa fram hjá því að 2021 voru haldin hér á landi mót og þá tóku íslenskir keppendur þátt í ÓL, EM, HM, NM í mismunandi aldursflokkum og fleiri viðburðum á erlendum vettvangi. Öll þessi umræða ratar inn á stjórnarfundum FRÍ enda eru rík tengsl á milli reksturs sambandsins og erlends mótahalds. Settar hafa verið skýrari reglur um viðurkenningu Íslandsmeta s.s. tilkynningar og lyfjapróf, en það er alltaf gleðiefni að þrátt fyrir miklar takmarkanir þá er ennþá verið að setja ný Íslandsmet. Þá má nefna að lítið atriði eins og skipulag á veitingu verðlauna á mótum getur orðið stórt í vinnslu, enda mikilvæg ábyrgð þeirra sem eiga vera til staðar við veitingu verðlauna. Án þeirra fer allt í uppnám.

Málefni öldunga og málefni barna- og unglunga kallast á. Starfandi eru tvær sérstakar nefndir sem fjalla um hvorn málaflokkinn fyrir sig. Fjallað hefur verið um verkefni þessara hópa á fundum stjórnar FRÍ og hefur stjórnin reynt eftir bestu getu að sýna þessu hópum góðan stuðning líkt og frekast er unnt enda mikilvægt í heildarsamhengi hreyfingarinnar. Umræðan snýst m.a. um að keyra í gang öflugra útbreiðslustarf með aðildarfélögunum þar sem Covid aðstæður hafa raskað verulega þátttöku og aðgengi að æfingastöðum. Langur tími röskunar og truflana hefur mikil áhrif á alla umgjörð. Rætt hefur verið um að skoða fjárhagsramma m.t.t. að ráða verkefnastjóra í að hjálpa til hjá félögum við útbreiðslumál.

Í lok hvers árs eru útnefningar á frjálsíþróttakarli og frjálsíþróttakonu ársins. Má segja að með þeirri ákvörðun sem er síðan formlega tilkynnt á uppskeruhátíð FRÍ og síðan endurtekin á viðurkenningarhátíð ÍSÍ í tengslum við val á Íþróttamanni Íslands að þá sé punkturinn settur yfir i-ið á góðu starfsári frjálsra íþróttara. Afreksíþróttamennirnir sem koma til greina eru alltaf fleiri en einn og fleiri en tveir og virkilega gott að geta lítið yfir starfs- og keppnisárið með það að leiðarljósi að meta árangurinn og stefna að því að næsta ár verði enn betra. Langt er síðan sú hefð var tekin upp að velja hvoru tveggja karl og konu í lok hvers árs, en lengst af á síðustu öld var aðeins einn einstaklingur valinn fyrir afrek sín. Val til viðurkenningar er gert í góðu samstarfi við nefndir s.s. íþróttar- og afreksnefnd, unglinganefnd, langhlaupanefnd og öldunganefnd en það er stjórn FRÍ sem stendur síðan og fellur með valinu. Afreksstjóri ber saman hin ýmsu kennimerki árangurs hjá WA og einnig horft til Íslandsmeta. Á starfsárunum hefur verið nóg undir, afreksmenn bætt sig og síðan hafa aðrir sem hafa verið á toppnum á umliðnum árum sett skóna á hilluna. FRÍ þakkar þeim öllum og óskar til hamingju, hvort sem það er enn þá á vellinum eða horfir til hans fyrir utan hringina.

RIG í febrúar byrjun á hverju ári er einn stærsti alþjóðlegi íþróttaviðburður sem FRÍ kemur að hérlendis. Undirbúningur og framkvæmd hefur vaxið ár frá ári. RIG 2021 og RIG 2022, voru haldin í skugga Covid19 og lengi vel var óvíst um hvort af þeim yrði. Það varð þó úr með margvíslegum sóttvarnaskilyrðum. FRÍ var úthlutað sunnudegi, lokadegi RIG og er það almenn niðurstaða að það sé ekki verri kostur en laugardagur. Varð öll sóttvarnaumgjörðin


m.a. til þess að útsending RÚV var hliðruð en tókst vel þ.a. landsmenn nær og fjær gátu fylgst með mótunum. Má þakka öllum þeim tugum sem komu að verkefninu, mótsstjórn, starfsmönnum mótsins, starfsmönnum skrifstofu en ekki hvað síst keppendum innlendum sem erlendum en án jafn öflugs hóps keppenda væri mótið ekki jafn vinsælt og raun ber vitni. RIG nefnd FRÍ vinnur stórvirki ár hvert og starfsmannahald er með miklum sóma, fagfólk fram í fingurgóma. Það er orðið eftirsótt að starfa á RIG enda alltaf bestu kökurnar og salötin til staðar. RIG tekur mikla orku, er fjárhagslega áhættusamt en um leið skilar miklu sem einn af stærri vetraríþróttaviðburðum á Íslandi. RIG 2021 og RIG 2020 standa upp úr sem mótin sem ekki voru blásin alveg af þó vissulega hafi sóttvarnareglur sett strik í frjálsræði og almennt frelsi, en áhorfendur voru í algjöru lágmarki.

Áfram fór íþróttahreyfingin fram á við í umræðum um kynferðislegt áreiti og einelti enda verkefnið mikilvægt öllum og er um leið varðað af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og ÍSí. Stjórn FRÍ hvatti aðildarfélög sín í hvívetna að hefja eftirfylgni í samræmi við leiðbeiningar ÍSí, en um leið að fylgja þeim samræmdu skrefum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið lagði til í formi leiðbeinandi reglna og tilkomu þjónustu samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs. Stjórnin bókaði nokkrum sinnum og fylgdi málum eftir en vissulega var árið 2021 umvafið málefnum KSÍ en íþróttahreyfingin í heild sinni tók mið af þeirri umræðu. Það er von stjórnar FRÍ að áfram verði stigið markvisst fram á við í sameiningu innan og utan íþróttahreyfingarinnar og mál fái skilvirka og fljóta úrlausn þegar þau koma upp. Þá ber að geta þess að FRÍ hefur innleitt persónuverndarlöggjöf (GDPR) sem tók gildi á Íslandi, en ÍSí útbjó staðlað form að vinnsluskrá fyrir allar einingar íþróttahreyfingarinnar auk persónuverndarstefnu.

Eitt af verkefnum stjórnar FRÍ er að leita eftir tilnefningum innan hreyfingarinnar sem FRÍ fer fram með til EAA verðlauna. Á starfstímabilinu hlaut Sigurður Haraldsson MF Awards frá European Athletics fyrir sín góðu störf að frjálsíþróttum. Er Sigurður sérlega vel að þeim heiðri kominn.

ÍSí og Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) hafa með sér viðtækt samstarf. Ekki eingöngu vegna starfsskýrsluskila, heldur miklu frekar m.a. vegna stefnumörkunar um ýmis mál s.s. afreksmál. FRÍ hlaut á árunum 2020-2022 styrki, líkt og kemur fram í ársreikningum FRÍ, úr Afrekssjóði ÍSí vegna afreksvinnu FRÍ. Fjármunir þessir renna alltaf til afreksstarfs í samræmi við afreksstefnu FRÍ. Þá skiptir miklu, ef hægt er, að fá sérstaka styrki úr verkefnasjóði ÍSí til framgangs einstakra verkefna hvort sem er sem samvinnuverkefni eða sérverkefni á vegum FRÍ. Mikið hefur einnig mætt á ÍSí á tímum Covid og vissulega hefur gustað um íþróttahreyfinguna, almennt. Þó skiptir það miklu að hreyfingin hefur nær alltaf staðið saman og reynt eftir fremsta megni, í samvinnu við ÍSí, að gera eins gott úr erfiðum aðstæðum og frekast er unnt. Á starfstímabilinu, þann 1. október 2021, hætti þáverandi framkvæmdastjóri ÍSí Líney Rut Halldórsdóttir, eftir 14 ár sem framkvæmdastjóri ÍSí. FRÍ sáemdi Líneyju silfurmerki FRÍ á haustmánuðum 2021 og þakkaði henni fyrir gott og farsælt samstarf auk þess sem henni voru færðar óskir góðar í komandi verkefnum.

FRÍ lagði upp úr að halda góðar og skemmtilegar uppskeruhátíðir 2020 og 2021, líkt og árin þar á undan. Þær hafa m.a. verið haldnar í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal og alla jafna mætt nær hundrað manns á hátíðina. Vegna samkomutakmarkana var hin kröftuga og skemmtilega dagskrá rafræn og unnu starfsmenn FRÍ góða vinnu í að setja saman myndband af viðurkenningarhöfum, en uppskeran er fyrst og fremst niðurstaða af keppnisárinu í máli og myndum, en auk þess ýmsu starfi innan hreyfingarinnar. Þessu tengt má nefna að styrktaraðilar og stuðningur fyrirtækja skiptir FRÍ griðarlegu máli. Aðalstyrktaraðilar FRÍ 2020-2021 eru Valitor, Svefn & heilsa, Bílaleiga Akureyrar, Hotel Cabin, Icepharma (Nike) og World Class.



Einn formannafundur var haldinn á starfstímabili stjórnar. Formannafundur að hausti 2021, þar sem ársþingið 2020 færðist að hausti og samkomutakmarkanir voru miklar vorið 2021. Á formannafundinn mættu formenn og annað lykilmál úr félögunum, jafnt sem formönnum fastanefnda er sérstaklega boðið að taka þátt, en fundurinn er einnig opinn öðru áhugafólki. Stjórn kynsir jafnan ýmsar nýjar hugmyndir um hreyfinguna auk fastra atriða skv. lögum FRÍ. Formannafundur FRÍ fór fram laugardaginn 27. nóvember klukkan 10:00 í gegnum fjárfundakerfi. Dagskrá innihélt skýrslu formanns FRÍ, umfjöllun um 75 ára afmæli FRÍ 2022, farið yfir fjármál FRÍ, millipinganevnd um keppni ungmenna gerði grein fyrir niðurstöðum, mótaskrá 2022 kynnt og rætt um afreksverkefni FRÍ. Auk þessa eina formannafundar þá héldu formaður, framkvæmdastjóri og verkefnastjóri FRÍ fjölmarga rafræna spjallfundi til að leita lausna á takmörkunum vegna keppnishalds þar sem óvæntir hlutir komu upp s.s. hertar sóttvarnarreglur með ýmsum takmörkunum. Þessir fundir skiluðu FRÍ miklu varðandi breiðvirka ákvarðanatöku.

Ljóst er að starfstíma stjórnarinnar 2020-2022 verður ekki einungis minnst fyrir Covid og takmarkanir til æfinga- og keppnishalds. Ekkert síður verður tímans minnst fyrir miklar umræður um vallaraðstæður og æfinga- og keppnisskilyrði, ekki hvað síst á höfuðborgarsvæðinu. FRÍ á sérlega auðvelt með að þakka stuðning og velvilja sveitarfélaga almennt í garð íþróttta þ.m.t. frjálsíþróttta en FRÍ hefur margoft sent hvatningu til sveitarfélaga

er varðar áframhaldandi uppbyggingu og viðhald á íþróttamannvirkjum minna á mikilvægi þess, í aðdraganda fjárhagsáætlunargerðar ár hvert. Einnig er send brýning um að fyrirliggjandi keppnis- og æfingaaðstæður séu fullnægjandi s.s. með viðhaldi keppnisbrauta og annarra svæða. Því miður er það svo að aðildarfélög FRÍ hafa ekki séð sér ekki fært, í ljósi vallaraðstæðna í sveitarfélaginu, að halda meistarmótin eða bikarkeppnir. Flytja hefur því þurft keppnishaldið til innanlands með tilheyrandi kostnaði og óhagræði. Aðstæður voru einnig víða ófullnægjandi og ekki aðstæður til æfinga- og keppni lengst af. Þá hefur aðgengi að innahúsaðstöðu í Reykjavík verið takmarkað, ekki einungis vegna Covid, heldur vegna sýninga eða rafíþróttamóts, svo vikum skiptir. Algjörlega óviðunandi staða og hefur FRÍ bent á að félögin þurfi að hafa forgang að höllinni til æfinga og keppni, en starf frjálsíþróttafélaganna er alla jafna víkjandi. Afar bágborið ástand útisvæðis Laugardalsvallar á síðastliðnum árum ætti að vera hvatning frekar en hitt að það sama gildi vegna þeirra hremminga sem stofnframkvæmdir við nýtt æfinga- og keppnissvæði í Mjódd hjá ÍR hafa gengið í gegnum. Mörg góð frjálsíþróttamannvirki hafa verið reist um landið á liðnum árum. Má nefna innanhúss aðstöðu í frjálsíþrótt- og fimleikahúsi Hattar á Egilsstöðum, auk framtíðar friðar um Vilhjálmsvöll, nýtt kastsvæði í Hafnarfirði, eftirtektarverð og góð fyrstu skref í frjálsíþróttaaðstöðu á Þórshöfn, glæsilega inniaðstöðu hjá ÍR í Mjódd og stórhuga framkvæmd á Selfossi í fjölnota húsi.

Vonbrigðin urðu þó mest er laut að breytingum í Kópavogi en það var von FRÍ eftir ársþingið 2018 í Kópavogi að bætt yrði fljótlega þar á bæ úr aðstöðumálum, það er vonandi að það horfi til betri vegar með þau mál.

Mannvirkjanefnd FRÍ hefur verið virk, þegar til hennar er leitað, er varðar úttektir og yfirferð og gott að eiga fagfólk innan hreyfingarinnar sem þekkir vel til þeirra krafna sem gerðar eru á alþjóða vettvangi. Það er von stjórnar FRÍ að hægt verði að gera ráð fyrir fullnægjandi keppnisaðstæðum í sem flestum sveitarfélögum þ.a. íþróttafélögin og sveitarfélögin geti í sameiningu tekið á móti vaxandi fjölda frjálsíþróttafólks frá öllum landshlutum. Stuðningur sveitarfélaga við íþróttastarfsemi er ómetanlegur enda er gildi íþróttanna einn af meginstoðum sterks samfélags.

Þessu samhliða um einstaka mál heim í héruðunum hafa þjóðarleikvangur í Laugardal og öll almenn aðstöðumál í Reykjavík verið reglulega til umræðu á stjórnarfundum FRÍ. Stjórn FRÍ ályktaði strax um Laugardalsvöll haustið 2017 þegar ljóst var í hvert stefndi með umræðu um völlinn m.a. tengt vinnu KSÍ, stjórnvalda og Reykjavíkurborgar um nýjan þjóðarleikvang fyrir knattspyrnu. Í upphafi árs 2018 sendi FRÍ stjórnvöldum erindi til að áréttu ályktun sína og leggja áherslu á skipan starfshóps til að fara yfir málin með FRÍ, enda ljóst að samtal um framtíð þjóðarleikvangs, sem uppfyllir alþjóðlegar keppniskröfur, fyrir frjálsíþróttir í Laugardal þarf að eiga sér stað áður en lengra er haldið um breytingar á Laugardalsvelli. Allt árið 2019 og langt fram eftir árinu 2020 hvorki gekk né rak að nálgast nokkrar vísbendingar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, en FRÍ setti á laggirnar eigin starfshóp til að koma verkefninu á rekspól og skilaði forathugun. Það var svo loks á ársþingi FRÍ í september 2020

sem mennta- og menningarmálaráðherra lýsti því yfir að starfshópurinn yrði skipaður, en nokkrir mánuðir liðu þar til það varð raunin.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði síðan starfshóp um þjóðarleikvang fyrir frjálsíþróttir þann 1. febrúar 2021. Í starfshópnum voru skipuð þau Freyr Ólafsson formaður FRÍ sem formaður starfshópsins, Örvar Ólafsson og Marta Skúladóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Ómar Einarsson og Kristjana Ósk Birgisdóttir frá Reykjavíkurborg og Þórey Edda Elísdóttir fyrir hönd Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Auk framangreindra starfaði Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ með nefndinni.

Í skipunarbréfinu kom fram að í gildi er reglugerð nr. 388/2018 um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum. Starfshópnum var ætlað að vinna forvinnu sem upplýsir betur hvernig ber að vinna eftir reglugerðinni, afla upplýsinga um þarfir fyrir mannvirki til lengri tíma og greina mögulega nýtingu mannvirkja sem fyrir eru eða hvort ný mannvirki þarf til þess að geta staðið fyrir alþjóðlegum keppnum. Einnig er mikilvægt að skoða kostnað ríkis og Reykjavíkurborgar vegna þjóðarleikvangs, bæði hvað varðar rekstur og uppbyggingu leikvangs ef þörf er á uppbyggingu sem og nýtingu mannvirkisins.

Hópurinn starfaði yfir lengra tímabil en skipunabréf gerði ráð fyrir eða frá 1. febrúar til 20. september 2021. Á starfstímanum fundaði hópurinn allur níu sinnum auk samráðs utan funda. Verkefnið reyndist umfangsmikið og tengdist ytri vinnu hagaðila svo sem vinnu starfshóps Reykjavíkurborgar er varðar heildarskipulag Laugardals, en Reykjavíkurborg er með til skoðunar deiliskipulag íþróttá og grænu svæðanna í Laugardal. Fjöldmargir hafa hagsmuna að gæta á svæðinu og verður því vinna FRÍ að taka mið af áherslum almennt, en þó með sérstakri áherslu á úrlausnir fyrir frjálsíþróttir á alþjóðavísu.

Helstu niðurstöður starfshópsins voru m.a. að til framtíðar er ljóst að vöxtur og viðgangur frjálsíþróttá á Íslandi byggir á því að forræði yfir frjálsíþróttamannvirkjum sé beintengt frjálsíþróttasamfélaginu. Þannig sé tryggt að frjálsíþróttafólk geti æft og keppt við bestu aðstæður án þess að vera háð tímaskipulagi annarra íþróttá eða viðburða.

Þá var komist að þeirri niðurstöðu að ef þjóðarleikvangur í knattspyrnu verður áfram á Laugardalsvelli sé framtíð frjálsíþróttastarfs best borgið á nýjum leikvangi fyrir norðan Suðurlandsbraut, austan frjálsíþróttahallar við Engjaveg. Slíkt mannvirki myndi tengjast núverandi frjálsíþróttahöll, öðrum íþróttamannvirkjum sem og öðrum opnum svæðum í Laugardal. Þjóðarleikvangur á þessum stað yrði vel nýttur af ýmsum. Fyrst er að telja alþjóðlegt keppnishald og stærri mót á vegum FRÍ og ÍF, æfingar afreksmanna, æfingar barna-, unglinga og annarra í hverfisfélögum í Reykjavík en einnig sem möguleg aðstaða fyrir afreksíþróttamiðstöð í Laugardalnum, auk rannsókna, þjálfunar og kennslu í skólum. Síðast en ekki síst gæti svæðið orðið mikilvægur lýðheilsuvettvangur, sem aðgengilegt og að hluta til upphitað svæði fyrir almenning, utan framangreindrar notkunar.

Frumáætlanir starfshópsins gera ráð fyrir að stofnkostnaður við þjóðarleikvangssvæðið gæti numið um tveimur milljörðum kr. á núvirði. Þá telur starfshópurinn mikilvægt að ríkið tryggi stofnframlag til mannvirkisins og treysta þarf rekstrargrundvöll vegna afreksstarfs og alþjóðlegrar samvinnu. Hugmyndir starfshópsins hafa verið skoðaðar af Reykjavíkurborg í ljósi endurskoðunar heildarskipulags Laugardals og hefur Reykjavíkurborg tekið undir skipulagshugmyndirnar.

Í umræðum á Alþingi mánudaginn 31. janúar 2022 kom síðan fram hjá mennta- og barnamálaráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni, að settur hafi verið af stað nýr stýrihópur um þjóðarleikvanga í Laugardal með aðild Reykjavíkurborgar. Stefnt er að því að stýrihópurinn skili fljótlega niðurstöðu. Ein af þeim tillögum sem eru til umræðu og fullnustu er þjóðarleikvangur fyrir frjálsíþróttir, sem er í samræmi við þá skýrslu sem kynnt var og gefin út af mennta- og menningarmálaráðherra sl. haust, en formaður FRÍ leiddi þá vinnu. Stýrihópurinn mun ræða um kostnaðarskiptingu, hönnun mannvirkja og staðsetningu þeirra í Laugardal. Reykjavíkurborg hefur einnig í samræmi við yfirstjórn í skipulagsmálum tekið á dagskrá hugmyndir að nýju skipulagi í Laugardal þar sem gert er ráð fyrir nýjum frjálsíþróttavelli við Suðurlandsbraut.

FRÍ fagnar þessum skrefum sem nú eru tekin og munu þau vonandi leiða af sér hið fyrsta hönnun og gerð nýs frjálsíþróttasvæðis, nýjum þjóðarleikvangi. Það er kostur að bæði mennta- og barnamálaráðherra Ásmundur Einar Daðason og borgarstjóri Dagur B. Eggertsson tala opinberlega í sömu áttina í málefnum þjóðarleikvangs fyrir frjálsíþróttir. FRÍ mun hér eftir sem hingað til fylgja eftir þessu mikilvæga máli þannig að aðstaða, umhverfi og umgjörð fyrir frjálsíþróttir verði ennþá betri í Laugardal en áður. Styrkur og sérstaða þjóðarleikvangs í frjálsíþróttum er að hann sinnir þremur mikilvægum þáttum, sem fyrirmyndar aðstaða fyrir alþjóðlega keppni, opinn leikvangur fyrir almenning og síðast en ekki síst mikilvæg aðstaða fyrir aðildarfélögin til að halda áfram kröftugu barna-, unglunga og afreksstarfi.

Frjálsíþróttasamband Íslands er ávallt reiðubúið í samtal um bættu aðstöðu fyrir aðildarfélög FRÍ, inni- og útiádstöðu, og um leið nýjan þjóðarleikvang í Laugardal. FRÍ skorast ekki undan lausnamiðuðum viðræðum öllum íþróttum á Íslandi til heilla. Það er von FRÍ að nýr þjóðarleikvangur fyrir frjálsar íþróttir sé í auglýsingu í Laugardal og sveitarfélögin haldi áfram og setji meiri kraft í metnaðarfulla uppbyggingu og viðhald valla.

Framundan eru fjölmörg verkefni, bæði þau sem reglulega eru á dagskrá og tengjast stjórnsýslulegri umgjörð FRÍ. En einnig þróunarverkefni eins og hlaupamál og skráningarmál, en AOD styrkur er kominn frá WA til þess að vinna að rafrænum skráningamálum en einnig hefur var sótt um styrk hjá EAA vegna sama máls. Umgjörð móta bæði meistaramóta og annarra móta þarf að verða betri og einnig þarf að efla fræðslu og útbreiðslu. Skoða þarf hvort hægt er að koma á laggirnar „Mótaröð FRÍ“ sem glæða myndi áhuga keppnisfólks og áhorfenda. Huga þarf að samstarfi við ÍF á annan hátt en verið hefur þar sem horft er til

þeirrar þróunar sem á sér stað m.a. í Evrópu. Einnig ber að skoða hvaða refsingar eru fyrir hendi vegna brota á keppnisreglum eða siðareglum hreyfingarinnar, en mjög mikilvægt er að hreyfingin sé samstillt í öllu sínu starfi. Þá þarf að vinna að undirbúningi á sérgreinahluta FRÍ sem yrði framhald af ÍSÍ þjálfaranáminu. ÍSÍ hlutinn er fjarnám, en FRÍ hlutinn þarf að vera staðnám. Þá er 2022 stórt afmælisár, en FRÍ verður 75 ára þann 16. ágúst 2022 og það sem hefur verið undirbúið fyrir afmælisárið þarf að springa út.

Stjórn FRÍ 2020-2022 og starfsmenn FRÍ þakka fyrir gott en erfitt starfstímabil. Starfstímabil sem á eftir að komast í sögubækurnar en skilja einnig eftir sig reynslu sem hreyfingin getur búið að um langan tíma. Verkefnið framundan er að komast upp úr rásblökkunum og ræsa starfið að nýju, en það er mikil áskorun að virkja unga sem aldna til leiks á ný um land allt. Það verkefni verður ekki stjórnar FRÍ eingöngu heldur allra þeirra sem láta sig frjálssar íþróttir varða.



Viðurkenningar

Viðurkenningar árið 2020

Uppskeruhátíð FRÍ fór ekki fram vegna samkomutakmarkana, haft var samband við þau sem hlutu viðurkenningar og þeim boðið að koma á skrifstofu FRÍ og fá sína viðurkenningu afhenta. Veittar voru eftirfarandi viðurkenningar:

Hópur ársins

UFA

Nefnd

Langhlaupanefnd

Piltur ársins

Kristján Viggó Sigfinnsson

Stúlka ársins

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir

Hvatningarverðlaun unglingsþjálfara

Óskar Hlynsson

Óvæntasta afrekið U20

Eva María Baldursdóttir

Öldungur ársins í karlaflokki

Kristján Gissurarson

Öldungur ársins í kvennaflokki

Anna Sofia Rappich

Götuþlaupari ársins í karlaflokki

Hlynur Andrésson

Götuþlaupari ársins í kvennaflokki

Guðlaug Edda Hannesdóttir

Útanvegahlaupari ársins í karlaflokki

Örvar Steingrímsson

Útanvegahlaupari ársins í kvennaflokki

Rannveig Oddsdóttir

Langhlaupari ársins í karlaflokki

Hlynur Andrésson

Langhlaupari ársins í kvennaflokki

Andrea Kolbeinsdóttir

Stigahæsta afrek samkvæmt stigatöflu IAAF

Guðni Valur Guðnason

Jónsbíkar - Besta spretthlaupsafrek

Kolbeinn Höður Gunnarsson

Spretthlaupari ársins í karlaflokki

Kolbeinn Höður Gunnarsson

Spretthlaupari ársins í kvennaflokki

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir

Stökkvari ársins í kvennaflokki

Hafdís Sigurðardóttir

Stökkvari ársins í karlaflokki

Kristján Viggó Sigfinnsson

Millivegalengdahlupari ársins í kvennaflokki

Ingibjörg Sigurðardóttir

Millivegalengdahlupari ársins í karlaflokki

Hlynur Andrésson

Kastari ársins í kvennaflokki

Ásdís Hjálmsdóttir

Kastari ársins í karlaflokki

Guðni Valur Guðnason

Fjölþrautakona ársins

María Rún Gunnlaugsdóttir

Fjölþrautakarl ársins

Ísak Óli Traustason

Óvæntasta afrekið

Baldvin Þór Magnússon

Þjálfari ársins

Pétur Guðmundsson

Frjálsíþróttakraftur ársins í karlaflokki

Hilmar Örn Jónsson

Frjálsíþróttakraftur ársins í kvennaflokki

Vigdís Jónsdóttir

Frjálsíþróttakarl ársins

Guðni Valur Guðnason

Frjálsíþróttakona ársins

Ásdís Hjálmsdóttir

Viðurkenningar árið 2021

Uppskeruhátíð FRÍ fór ekki fram með eðlilegum hætti vegna samkomutakmarkana. Haft var samband við þau sem hlutu viðurkenningar og tekið upp, rafrænt og í persónu, þegar þeim var afhent viðurkenningarinnar. Myndband af því var síðan birt á miðlum FRÍ.

Viðurkenning	Nafn
Hópur ársins	ÓL teymi RÚV
Nefnd ársins	Langhlaupanefnd
Piltur ársins	Kristján Viggó Sigfinnsson
Stúlka ársins	Elisabet Rut Rúnarsdóttir
Hvatningarverðlaun unglingsþjálfara	Þuríður Ingvarsdóttir
Óvæntasta afrekið 19 ára og yngri	Glódís Edda Þuríðardóttir
Besta afrek öldungs í karlaflokki	Þorkell Stefánsson
Besta afrek öldungs í kvennaflokki	Anna Sofia Rappich
Götuhaupari ársins í karlaflokki	Arnar Pétursson
Götuhaupari ársins í kvennaflokki	Andrea Kolbeinsdóttir
Utanvegahlaupari ársins í karlaflokki	Þorbergur Ingi Jónsson
Utanvegahlaupari ársins í kvennaflokki	Andrea Kolbeinsdóttir
Langhlaupari ársins í karlaflokki	Hlynur Andrésen
Langhlaupari ársins í kvennaflokki	Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir
Sigahæsta afrek ársins samkvæmt stigatöflu IAAF	Guðni Valur Guðnason
Jónsbíkar - Besta spretthlaupsafrek	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir
Stökkvari ársins í kvennaflokki	Irma Gunnarsdóttir
Stökkvari ársins í karlaflokki	Kristján Viggó Sigfinnsson
Millivegal.hlaupari ársins í kvennaflokki	Andrea Kolbeinsdóttir
Millivegal.hlaupari ársins í karlaflokki	Baldvin Þór Magnússon

Viðurkenning	Nafn
Kastari ársins í kvennaflokki	Erna Sóley Gunnarsdóttir
Kastari ársins í karlaflokki	Guðni Valur Guðnason
Fjölþrautakona ársins	María Rún Gunnlaugsdóttir
Fjölþrautakarl ársins	Ísak Óli Traustason
Óvæntasta afrekið	Baldvin Þór Magnússon
Frjálsíþróttakraftur ársins	Sjálfboðaliðar
Frjálsíþróttakarl ársins	Guðni Valur Guðnason
Frjálsíþróttakona ársins	Erna Sóley Gunnarsdóttir
Þjálfari ársins	Bergur Ingi Pétursson

Íþróttá- og afreksmál

Fagteymi

Undanfarið hefur verið unnið að því að koma á nýju fagteymi FRÍ. Fagteymið vinnur með afreksfólki FRÍ bæði í hópi fullorðinna sem úr hópi ungmenna.

- Ásmundur Jónsson, *nuddari*
- Atlas endurhæfing, *sjúkráþjálfun*
- Fríða Rún Þórðardóttir, *næringarráðgjöf*
- Berglind Gunnarsdóttir, *læknir*
- Hjörtur Gíslason, *læknir*
- Hallur Hallsson, *sálfræðingur*

Alþjóðleg keppni

Mót árið 2020

Norðurlandameistaramót innanhúss

Venju samkvæmt var valið sameiginlegt lið Íslendinga og Dana til keppni á móti liðum Norðmanna, Svía og Finna. Keppnin fór fram í Helsinki Finnlandi 9. febrúar. Að þessu sinni áttum við níu keppendur sem skiluðu alls þremur verðlaunasætum sem er mjög gott í sögulegu samhengi. Hlynur Andrésson kom annar í mark í 3000m hlaupi og Kristján Viggó Sigfinnsson varð einnig annar í hástökki. Guðni Valur Guðnason nældi að auki í bronsverðlaun í kúluvarpi.

Árangur:

- Ari Bragi Kárason FH, 6. sæti í 200m hlaupi á 22,04sek
- Ásdís Hjálmsdóttir Ármann, 5. sæti í kúluvarpi með 15,59m
- Eva María Baldursdóttir Selfoss, 7. sæti í hástökki með 1,70m
- Guðni Valur Guðnason ÍR, 3. sæti í kúluvarpi með 18,31m
- Hafdís Sigurðardóttir UFA, 4. sæti í langstökki með 5,99m
- Hlynur Andrésson ÍR, 2. sæti í 3000m hlaupi á 8:01,20mín
- Kristján Viggó Sigfinnsson Ármann, 2. sæti með 2,11m
- Kormákur Ari Hafliðason FH, 7. sæti í 400m hlaupi á 48,77sek
- Þórdís Eva Steinsdóttir FH, 7. sæti í 400m hlaupi á 55,89sek



Heimsmeistaramót í ½ Maraboni

Eftir mikinn undirbúning og stífa sóttvarnaumgjörð sem þurfti að ákveða að stíga inn í var ákveðið að senda okkar allra sterkustu keppendur á HM í ½ maraboni. Mótið fór fram í Gdynia Póllandi 14 október. Karlamegin urðu þeir Hlynur Andrésson ÍR og Arnar Pétursson Breiðabliki fyrir valinu en kvennamegin þær stöllur Andrea Kolbeinsdóttir og Elín Edda Sigurðardóttir, báðar úr ÍR. Mótið fékk gríðarlega athygli og allt skipulag til fyrirmyndar og brautin þökkaleg hröð. Árangurinn varð góður hjá þeim Hlyni og Andreu sérstaklega, Íslandsmet hjá Hlyni, 1:02.47 klst og hreint stórglæsilegur tími, 52. sæti af 122 keppendum. Andrea hljóp einnig frábærlega, og á öðrum besta tíma íslenskrar konu frá upphafi, 1:17,52 klst og hafnaði í 82. sæti af þeim 101 sem luku hlaupinu. Arnar fékk í magann og varð að hætta og Elín fékk krampa en kláraði á 1:24,20 klst. Sérstaklega var tekið eftir því að Ísland sendi fjóra keppendur á mótið.

Mót árið 2021

Evrópubikarkeppni í köstum

Það voru fjórir íslenskir keppendur á þessu sterka móti sem hafði verið frestað frá í mars en fór síðan fram 8.-9. maí í Split Króatíu. Mímir Sigurðsson FH hafnaði í 9. sæti í flokki U23 ára í kringlukasti með 54,23m. Elísabet Rut Rúnarsdóttir ÍR keppti einnig í U23 ára flokki í sleggjukasti og varð áttunda með kasti uppá 61,31m. Í karlaflokki kepptu þeir Hilmar Örn Jónsson FH í sleggjukasti og Guðni Valur Guðnason ÍR í kringlukasti. Hilmar náði sér ekki alveg á strik og kastaði 68,82m og endaði í 16.sæti. Guðni Valur Guðnason ÍR átti hins vegar stórgott mót og kastaði 63,66m og tryggði sér um leið silfurverðlaun í kringlukastinu. Frábær árangur Guðna Vals stendur uppúr.

Evrópubikarkeppni í 10.000m hlaupi

Hlynur Andrésson ÍR var eini keppandi okkar á þessu sterka móti sem fram fór í Birmingham Englandi 5. júní. Hlynur stóð sig mjög vel og bætti Íslandsmetið í greininni þegar hann kom í mark á 28;36,80mín og varð þannig í 14 sæti.

Evrópubikarkeppni landsliða

Eftir frækinn sigur í Skopje 2019 var það okkar hlutskipti að reyna að halda sæti okkar í feykisterkri 12 liða 2. deild Evrópubikarkeppni landsliða sem fram fór í Stara Zagora Búlgaríu 19. og 20. júní. Við fórum með fullt lið eða 34 keppendur og 9 að auki og þar af tvo úr fagteyminu frá Atlas sjúkráþjálfun. Á covid tímum var þetta gríðarlega erfitt ferðalag og flókið ferli og endaði þannig að þrjú lið mættu ekki til leiks og falla því niður um deild og héldum við því sæti okkar í deildinni. Við vorum með ungt og óreynt lið í mörgum greinum en allir stóðu sig frábærlega og mikið um bætingar. Við fengum þrenn gullverðlaun en Hlynur Andrésson,

Baldvin Þór Magnússon og Erna Sóley Gunnarsdóttir unnu eina grein hvert. Mjög mikilvægt fyrir framhaldið að halda sæti okkar og mæta enn sterkari til leiks næst. Það var högg að lenda í 7 daga sóttkví með allan hópinn við heimkomu, hafði áhrif á framhaldið hjá mörgum sem voru með stór mót framundan.

Árangur:

Nafn	Félag	Grein	Sæti	Árangur
Hulda Þorsteinsdóttir	ÍR	Stangarstökk	7.sæti	3.40m
Irma Gunnarsdóttir	Breiðablik	Þristökk Langstökk	7.sæti 8.sæti	12.67m 5.98m
Eva María Baldursdóttir	HSK/Selfoss	Hástökk	8.sæti	1.69m
Katharina Ósk Emilsdóttir	ÍR	Kringlukast	8.sæti	43.60m
María Rún Gunnlaugsdóttir	FH	Spjót kast	9.sæti	39.18m
Elisabet Rut Rúnarsdóttir	ÍR	Sleggjukast	6.sæti	59.39m
Erna Sóley Gunnarsdóttir	ÍR	Kúluvarp	1.sæti	15.94m
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir	ÍR	100m 200m 4x100m	6.sæti DNS 6.sæti	11.79 sek DNS 45.96 sek
Þórdís Eva Steinsdóttir	FH	400m 4x400m	9.sæti 9.sæti	3:46.98 min
Björg Gunnarsdóttir	ÍR	800m 4x400	9.sæti 9.sæti	2:14.40 mín 3:46.98 mín
Elín Sóley Sigurbjörnsdóttir	FH	1500m	9.sæti	4:45.27 min
Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir	UFA	3000m 5000m	9.sæti 8.sæti	10:23.44 min 17:52.14 min
Íris Anna Skúladóttir	Fjölnir	3000m hi	7.sæti	11:32.09 min
Birna Kristín Kristjánsdóttir	Breiðablik	4x100m	6.sæti	45.96 min
Helga Margrét Haraldsdóttir	ÍR	4x100m 4x400m	6.sæti 9.sæti	45.96 sek 3:46.98 min
Tiana Ósk Whitworth	ÍR	4x100m	6.sæti	45.96 min

Nafn	Félag	Grein	Sæti	Árangur
Ísak Óli Traustason	UMSS	Stangarstökk	9.sæti	4.00m
		110m gr.	9.sæti	15.15 sek
		4x100m	8.sæti	41.69 sek
Kristinn Torfason	FH	Þristökk	9.sæti	13.55m
		Langstökk	9.sæti	6.70m
Kristján Viggó Sigfinnsson	Ármann	Hástökk	4.sæti	2.13m
Guðni Valur Guðnason	ÍR	Kringlukast	4.sæti	61.80m
Vilhjálmur Árni Garðarsson	ÍR	Sleggjukast	8.sæti	56.94m
Sindri Hrafn Guðmundsson	FH	Spjótkast	4.sæti	76.08m
Kristján Viktor Kristinsson	ÍR	Kúluvarp	8.sæti	15.94m
Dagur Andri Einarsson	ÍR	100m	9.sæti	11.19m
		4x100m	8.sæti	41.69m
Ívar Kristinn Jasonarson	ÍR	200m	9.sæti	22.43 sek
		400m gr.	7.sæti	54.64 sek
		4x400m	8.sæti	4:41.14 sek
Bjarni Anton Theódórsson	Fjölpir	400m	9.sæti	50.29 sek
		4x400m	8.sæti	4:41.14 sek
Sæmundur Ólafsson	ÍR	800m	8.sæti	1:53.85 sek
		4x400m	8.sæti	4:41.14 sek
Kormákur Ari Hafliðason	FH	4x400m	8.sæti	4:41.14 sek
Birgir Jóhannes Jónsson	ÍR	4x100m	8.sæti	41.69 sek
Sveinbjörn Óli Svavarsson	UMSS	4x100m	8.sæti	41.69 sek
Baldvin Þór Magnússon	UFA	1500m	3.sæti	3:47.54 min
		3000m	1.sæti	8:01.56 min
Hlynur Andrésson	ÍR	3000m hi.	4.sæti	9:01.83 min
		5000m	1.sæti	14:13.73 min

Evrópumeistaramót U23 ára

Mótið fór fram í Tallinn Eistlandi dagana 8.-11. júlí og ávallt er um mjög sterkt mót að ræða þar sem þetta er síðasti aldursflokkurinn fyrir fullorðinsflokk. Við áttum fimm mjög sterka keppendur að þessu sinni og náði Baldvin Þór Magnússon UFA bestum árangri þegar hann tryggði sér bronsverðlaun í 5000m hlaupi karla á nýju Íslandsmeti á tímanum 13;45,00 mín. Baldvin varð jafnframt með þessu fyrsti íslenski karlinn til að vinna til verðlauna á Evrópumeistaramóti U23 ára.

Erna Sóley Gunnarsdóttir ÍR keppti til úrslita í kúluvarpi og kastaði 15,57 metra sem skilaði henni 9. sætinu. Finn árangur hjá Ernu.

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR keppti í 200 metra hlaupi, hún kom í mark á 24,40 sek og var aðeins 9/100 úr sekúndu frá því að komast í undanúrslit.

Tiana Ósk Whitworth ÍR keppti í 100 metra hlaupi. Hún kom í mark á 12,21 sek en sá tími dugði ekki til að komast áfram í undanúrslit.

Mímir Sigurðsson FH keppti í kringlukasti og kastaði lengst 54.54 metra sem var einungis fimm sentimetrum frá sæti í úrslitunum og þannig 13. sæti. Fín frammistaða og framtíðin björt og sérlega gaman að sjá Baldvin vinna til verðlauna.

Evrópumeistaramót U20 ára

Í beinu framhaldi af EM U23 ára fór EM U20 ára einnig fram í Tallinn Eistlandi dagana 15.-18. júlí. Ísland átti þrjá sterka keppendur og fyrstur keppti Kristján Viggó Sigfinnsson Ármanni í undankeppni í hástökki og hafnaði í þrettánda sæti en tólf efstu komast áfram í úrslit. Hann stökk 2,13 metra líkt og sex aðrir og hefði þurft að fara í færri tilraunum til þess að komast í úrslit sem var grátlegt en góð frammistaða engu að síður. Eva María Baldursdóttir Selfossi keppti einnig í hástökki og stökk 1,70m og hafnaði í 26. sæti. Elísabet Rut Rúnarsdóttir ÍR fór sannfærandi í gegnum undankeppnina og í úrslit sleggjukastsins með kasti upp á 60,61 metra. Í úrslitunum endaði hún eftir jafna og spennandi keppni í sjöunda sæti með kasti upp á 60,87 metra. Fínt mót hjá henni og góður undirbúningur fyrir framhaldið á ferlinum hjá þeim öllum.

Ólympíuleikar

Að þessu sinni áttum við einungis einn keppanda á leikunum sem fram fóru í Tókýó 23. júlí til 8. ágúst. Lágmrörkin á þessi stærri mót eru orðin gríðarlega stíf og nýtt stigakerfi World Athletics á eftir að sanna sig. Guðni Valur Guðnason ÍR var fulltrúi FRÍ og Íslands á leikunum og var hann búinn að eiga mjög gott tímabil og komst þar af leiðandi í gegnum nálaraugað. Hann keppti í undankeppni kringlukastsins 30. júlí og reyndust því miður öll þrjú köst hans ógild. Guðni hafnaði því í 31.-32. sæti sem verður að teljast vonbrigði en fer í reynslubankann góða.

Heimsmeistaramót U20 ára

Mótið fór fram í Nairobi Kenýa dagana 18.-22. ágúst og áttum við tvo sterka keppendur. Kristján Viggó Sigfinnsson hástökkvari úr Ármanni keppti í úrslitum og stökk 2,06 metra og náði í 12. sæti. Elísabet Rut Rúnarsdóttir sleggjukastari úr ÍR fór auðveldlega í gegnum undankeppnina og gerði sér svo lítið fyrir og kastaði 63,81 metra í úrslitum sem skilaði henni frábæru fjórða sæti eftir harða baráttu. Frábærir og verðugir fulltrúar okkar og glæsilegur árangur hjá Elísabetu sem eftir var tekið.



Norðurlandamót í víðavangshlaupum

Norðurlandameistaramót í víðavangshlaupum fór fram í Tullinge, Svíþjóð 7. nóvember. Alls voru fjórir keppendur frá Íslandi að þessu sinni. Andrea Kolbeinsdóttir og Hlynur Ólason kepptu í fullorðinsflokki og Þórólfur Ingi Þórsson og Fríða Rún Þórðardóttir í öldungaflokki. Þau eru öll úr ÍR. Andrea Kolbeinsdóttir hafnaði í fjórtánda sæti í kvannahlaupinu. Hún kom í mark á 35:48 mín í 9 km hlaupi en Hlynur náði því miður ekki að klára en aðstæður voru mjög erfiðar og mikil hálka og bleyta í brekkunum.

Þórólfur gerði sér lítið fyrir og sigraði í aldursflokki 40-45 ára í 7,5 km hlaupi og kom í mark á 28:50 mín.

Fríða Rún Þórðardóttir sigraði einnig í aldursflokki 50-54 ára í 7,5 km hlaupi. Hún kom í mark á tímanum 35:59 mín. Fríða sigraði einnig í heildarkeppni öldunga 30-65 ára sem er magnaður árangur. Góð heildarniðurstaða.

Dómaranefnd

Dómaranefnd FRÍ 2020-2022 var skipuð af Sigurði Haraldssyni, Helga Björnssyni og Rósu Marínósdóttur, auk undirritaðs formanns. Auk fyrrnefnds nefndarfólks gengdu þau Gunnhildur Hinriksdóttir, Guðmundur Víðir Gunnlaugsson og Þorsteinn Þorsteinsson störfum yfirdómara á þeim mótum sem FRÍ skipar yfirdómara. Nokkuð hefur fækkað í hópnum sem sinnir störfum yfirdómara á undanförunum árum og er mikilvægt að endurnýjun verði í hópnum.

Þó reglugerðir FRÍ geri ráð fyrir að á mót á vegum FRÍ skipi sambandið sérstakan efirlitsmann, hefur það ekki verið gert og hafa yfirdómarar jafnan sinnt bæði hlutverki yfirdómara og eftirlitsmanns. Sé það stefna FRÍ er æskilegt að embættin séu sameinuð í reglugerð FRÍ og hlutverk þeirra enn betur skilgreind.

Heimsfaraldur Covid-19 setti sitt mark á störf dómaranefndarinnar. Mótum var ítrekað frestað eða aflýst svo skipulag nefndarinnar fór oft úr skorðum. Aðeins eitt héraðsdómaranámskeið var haldið á tímabilinu en í fyrsta skipti var dómaranámskeið haldið á netinu, sökum heimsfaraldursins. Það hafði þann kost að hægt var að halda eitt dómaranámskeið fyrir allt landið. Voru þar 34 einstaklingar sem ýmist endurnýjuðu dómararéttindi sín eða sóttu sér dómararéttindi í fyrsta skipti. Líklegt er að dómaranámskeið næstu ára verði áfram haldin á netinu, en þó með öðru sniði en nú var gert.

Á tímabilinu ræddi nefndin um að halda sérstök námskeið í dómgæslu götu- og utanvegahlaupa með það að markmiði að til verði hópur dómara með sérhæfingu í götu- og utanvegahlaupum. Ráðgert er að halda slíkt námskeið strax árið 2022.

Auk þess að skipa yfirdómara á mót frjálsíþróttasambandsins og að sjá um menntun dómara veitir nefndin ýmsa ráðgjöf er snertir leikreglur frjálsra íþróttar, sem eru í sífelldri þróun og taka ýmsum breytingum á hverju ári.

////////////////////////////////////

Björgvin Brynjarsson,
formaður dómaranefndar

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur verið að vinna að því að koma saman efni til þess að nýta sem grunn að fyrsta stigi í þjálfaramenntun FRÍ eða þjálfun barna undir 12 ára aldri. Efnistöð hafa verið áður útgefnar frjálsíþróttabækur frá m.a. Svíþjóð og Noregi auk efnis sem tilheyrði gamla (og nýja) Kid's Athletics efninu frá alþjóðasambandinu og leikjahefta, BS- og meistaraverkefna sem unnin hafa verið héraendis. Eftir er að klára að setja efnið upp í námskeiðsformi á Canvas og e.t.v. myndvæða betur, en þá ætti að vera hægt að fara af stað með þjálfaranámskeið að nýju.



Gunnhildur Hinriksdóttir,
formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar

Íþróttá- og afreksnefnd

Áhrif heimsfaraldursins höfðu talsverð áhrif á verkefni ÍÞA á tímabilinu. Þó rofaði til inn á milli og eitt helsta verkefni nefndarinnar var val á landsliði sem keppti fyrir Íslands hönd á Evrópubikar landsliða í Búlgaríu í júní 2021. Landsliðsvalið var í nánú samstarfi við Afreksstjóra FRÍ og verkefnastjóra landsliðsmála en það samstarf hefur verið mjög gott hlakkar nefndin til frekara samstarfs með þeim. Þá hefur nefndin séð um tilnefningar til hinna ýmsu viðurkenninga sem veittar eru íþróttamönnum í lok hvers árs. Þrátt fyrir oft takmarkaða möguleika á keppni undanfarin misseri hefur þó engin skortur verið á glæsilegum afrekum og veit það á gott fyrir komandi ár. Er nefndin spennt fyrir árinu 2022, þar sem allt lítur út fyrir að við munum eiga flott íþróttafólk og er nú þegar búið að velja keppendur á NM innanhús, HM innanhúss og Evrópubikarkastmótið.

Nefndin kom einungis saman í gegnum fjarfundarbúnað og hafa samskipti nefndarinnar gengið vel. Kristín Birna Ólafsdóttir hefur kvatt nefndina og er þökkum við fyrir hennar framlag. Í stað hennar kemur Einar Daði Lárusson og er hann mikill fengur fyrir nefndina.

Nefndina skipa: Einar Daði Lárusson, Magnús Valgeir Gíslason, Stefán Ragnar Jónsson, Unnur Sigurðardóttir.



Magnús Valgeir Gíslason,
formaður íþróttá- og afreksnefndar

Laganefnd

Helstu verkefni laganefndar eru að uppfæra lög og reglur sambandsins eftir síðasta Frjálsíþróttáþing ásamt því að vera stjórn, skrifstofu og öðrum nefndum FRÍ til lögfræðilegrar ráðgjafar. Nefndin hefur leitast við að veita hraða og góða þjónustu þegar til hennar hefur verið leitað. Engin kærúmal bárust nefndinni á kjörtímabilinu og fækkaði fyrirspurnum frá fyrra starfstímabili en minna mótahald vegna kórónaveirufaraldursins og styttra kjörtímabil eru líkleg skýring þar á.



Guðmundur Heiðar Guðmundsson,
formaður laganefndar

Langhlaupanefnd

Langhlaupanefnd FRÍ starfaði með reglubundnum hætti á árunum 2020 og 2021. Nefndina skipa Óskar Jakobsson formaður, Friðleifur Friðleifsson, Tonie Gertin Sørensen, Kári Steinar Karlsson og Inga Dís Karlsdóttir. Íris Berg Bryde, starfsmaður FRÍ, starfar með nefndinni og Gunnlaugur A. Júlíusson skrifar fundargerðir. Sigurður Þórarinnsson lét af störfum sem formaður nefndarinnar á árinu 2020 og tók Óskar við formennsku af Sigurði.

Nefndin fundar að jafnaði annan hvern þriðjudagsmorgun. Þó eru fundir felldir niður yfir hásumarið. Fundir hafa verið að meirihluta til í formi fjarfunda vegna ástandsins í samfélaginu en það fer að breytast með afnámi sóttvarnareglna.

Meginverkefni nefndarinnar er að bæta og styrkja starfsumhverfi langhlaupa á Íslandi. Það er meðal annars gert með því að stuðla að aukinni fagmennsku við undirbúning og framkvæmd langhlaupa. Unnið hefur verið að því að setja upp vottunarkerfi fyrir götu- og utanvegahlaup sem væri forsenda fyrir skráningu afreka í slíkum hlaupum í afrekaskrá FRÍ. Markmið vottunarkerfis fyrir slík hlaup er að tryggja að undirbúningur og framkvæmd götu- og utanvegahlaupa fari fram samkvæmt reglum FRÍ. Einungis þau afrek, sem unnin eru í vottuðum hlaupum, verða skráð í afrekaskrá FRÍ þegar hún verður frágengin. Uppbygging afrekaskrár FRÍ hefur staðið yfir í nokkur ár og hefur reynst miklu tafsamara og flóknara verk en ætlað var í upphafi.

Starfsumhverfi almenningshlaupa hefur verið flókið á tímabilinu vegna harðra sóttvarnareglna vegna Covid 19. Erfitt hefur verið að skipuleggja og undirbúa hlaup með nauðsynlegum fyrirvara vegna fyrirvaralitilla breytinga á sóttvarnarreglum. Nefndin og starfsmenn FRÍ hafa lagt sig fram um að fá undanþágu frá sóttvarnarreglum við framkvæmd

almenningshlaupa viðurkennda en án árangurs. Af þeim ástæðum hafa mörg helstu hlaup götuhlaup landsins verið felld niður á tímabilinu. Það hefur haft slæm áhrif bæði á möguleika hlaupara til að iðka íþrótt sína svo og á fjárhag ýmissa frjálsíþróttadeilda en framkvæmd götuhlaupa eru mikilvægur hluti af fjáröflun þeirra.

HM í utanvegahlaupum var felld niður á síðasta ári vegna sóttvarnaákvæða. Nú hefur verið ákveðið að halda það í Thailandi um mánaðamótin október/nóvember á hausti komanda. Landslið hefur verið valið til keppni í 40 km og 80 km. Það samanstendur af 10 keppendum, fimm af hvoru kyni. Ánægjulegt var hve margir öflugir hlauparar gáfu kost á sér í landsliðið og komust færri en vildu.

Ánægjulegt er að sjá vaxandi áhuga á utanvegahlaupum á Íslandi. Íslensk náttúra er kjörin vettvangur fyrir slík hlaup á marga vegu vegna fjölbreytileika og mikilla víðerna. Þó má ekki gleyma því að íslenskt veðurfar er óvægið og oft ófyrirsjáanlegt. Því verður að leggja áherslu á að unnið sé eftir ákveðnum öryggisreglum í sambandi við hlaup af þessum toga til að tryggja öryggi keppenda eins og fært er.

*Gunnlaugur Júlíusson,
Fyrir hönd Langhlaupanefndar*

Mótanefnd

Mótanefnd vinnur að “langtímaskipulagi frjálsíþróttamóta”. Í reynd er verkefni Mótanefndar að raða mótum á vegum Frjálsíþróttasambandsins á dagsetningar og svo að úthluta félögum þessum mótum. Hvort tveggja hefur núverandi Mótanefnd gert af einlægni og bestu getu.

Teljum við okkur nú vera komin með ramma/uppstillingu sem gerir komandi Mótanefndum og reyndar öllum auðveldara en áður að átta sig á hvaða mótum má búast við hvar og hvenær á næstu árum.

Úthlutun innanhússmótanna er „auðveld“. Mót á vegum FRÍ (meistara og bikar) jafn mörg og félögin á höfuðborgarsvæðinu (þar sem einu mótshæfu húsin eru), svo mótin einfaldlega rúlla á milli félaga.

Málið er ekki alveg eins einfalt þegar utanhússtímabilið tekur við. Þá koma fleiri vellir og félög inn í myndina. Í ljósi umræðu á síðasta Frjálsíþróttapingi (þingum?) breytti nefndin um stefnu í úthlutun.

Í fyrsta lagi var MÍ 11-14 ára sett í sér flokk. Annars vegar skyldi þetta mót ekki haldið á hinu

títtnefnda höfuðborgarsvæði og hins vegar leitast við að nýta betur þá velli landsins sem uppfylla kröfur fyrir mótið. Með þessu taldi nefndin, eins og áður er nefnt, sig svара kalli hreyfingarinnar. Reynsla þessara tveggja ára hefur þó sýnt að þetta kall hreyfingarinnar er svolítið út í tómið. Mörg „litlu“ félögin, með ljómandi keppnisvöll, hafa afþakkað að halda mótið. Nefndin leggur samt sem áður til að þessu sama striki verði haldið enn um sinn. Þá fá þeir sem bæði geta og vilja þetta stærsta Meistaramót nokkuð reglulega og ekki á svo margra ára fresti.

Nefndin útbjó svo formúlu fyrir úthlutun hinna FRÍ-mótanna utanhúss. Breytingin felst einkum í að hlutur þeirra félaga sem halda innanhússmótin skerðist nokkuð. Mótahald ársins dreifist þá jafnar en áður. Fyrir liggur 6 ára plan samkvæmt þessari formúlu og þó þetta verði líklega ekki óbreytt um ár og aldir hvetjum við til að langtímahugsun verði áfram viðhöfð við mótaníðurröðun. Einnig hvetjum við mótahaldara til að fylgjast með langtímaplönnum, svo úthlutun komi ekki mönnum í opna skjöldu.

Kórónuveiran setti mark sitt á mótahald árin 2020 – 2022. Í samstarfi FRÍ, mótahaldara og stundum Mótanefndar náðist yfirleitt að vinna úr málum á viðunandi hátt.

Mótanefnd 2020 – 2022 leggur til að vinna verði lögð í að skilgreina betur hvert hlutverk mótahaldara hverju sinni er. Til hvers er ætlast og í hvaða mæli, utan vallar sem innan.

Mótanefnd FRÍ 2020-2022

Arndís Ýr Hafþórsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson og Puriður Ingvarsdóttir

////////////////////////////////////

*Eiríkur Mörk Valsson,
Formaður mótanefndar*

Mannvirkjanefnd

Mannvirkjanefnd FRÍ hefur starfað síðan á Frjálsíþróttapingi vorið 2020. Aðalverkefnið á þessum tíma hefur verið að skoða nýjan Þjóðarleikvang og vinna með framkvæmdastjóra FRÍ að því máli. Skoðuð var staðsetning vallar með tilliti til alþjóðlegra keppna, æfinga- og kastvallar og einnig unnin húsrýmisáætlun fyrir stúku og skrifstofuaðstöðu og fleira fyrir FRÍ. Var staðsetning vallanna unnin með Þrání Haukssyni landslagsarkitekt hjá Landslagi.

A er þjóðarleikvangur (8 brautir) með stúku, B er kastsvæði (grassvæði 136*70) og C er tartansvæði upphitun fyrir hlaup og stökk(136*30). Starfshópur hélt síðan áfram með þessar tillögur.



Þá voru einstaka vellir teknir út formlega í tengslum við umsóknir um meistaramót á vegum FRÍ og þegar meistaramót fóru fram. Úttektir voru gerðar á eftirtöldum völlum á tímabilinu: Laugardalsvöllur, Kastsvæðið í Laugardal, Kópavogsvöllur og þá sérstaklega nýtt kastsvæði utan aðalvallar. Völlurinn á Laugarvatni var skoðaður sérstaklega og því miður er sá völlur í mjög slæmu standi. Völlurinn uppfyllir engan veginn kröfur til mótahalds, eins og ástandið er í dag. Einnig var aðstoðað við vegna innanhússaðstöðu í Íþróttahúsi ÍR. Þá er vonandi að það sjái fyrir endanum á velli ÍR-inga í Mjódd.

Næsta Mannvirkjanefnd mun halda áfram með vinnu við Þjóðarleikvang og einnig þyrfti að vinna gögn vegna krafna um rekstur á frjálsíþróttavöllum.

Sigurður Haraldsson formaður. Aðrir í Mannvirkjanefnd FRÍ • Auður Ólafsdóttir • Vilhjálmur Ásgeirsson

Sigurður Haraldsson,
formaður mannvirkjanefndar

Orðunefnd

Orðunefnd FRÍ hélt áfram óbreytt frá fyrra tímabili. Í nefndinni sátu Freyr Ólafsson formaður, líkt og lög segja til um, en auk þess Magnús Jakobsson og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir. Þrír fundir voru haldnir á starfstímabilinu. Heimsfaraldurinn hafði áhrif á störf nefndarinnar þar sem þing og fundir voru ýmist felld niður eða voru rafræn þannig að tækifæri til orðuafhenginga voru fá á miðju tímabili og aðeins ein orða veitt á milli þinga. Undirbúningur fyrir þing á Selfossi og orðuveitingar þar má segja að hafi verið eina verkefni nefndarinnar.

*Freyr Ólafsson,
formaður orðunefndar*

Skráningarnefnd

Afrekaskrá

Hvað var gert?

Nefndin uppfærði afrekaskrá frjálsíþróttasambandsins sem lagaði ferlið við að birta úrslit. Gamla fyrirkomulagið var tvíþætt. Í fyrsta lagi að keyra inn gögn frá Þór mótaforritinu yfir í afrekaskrána. Þetta var gert af forritara en er núna takki í mótaforritinu. Í öðru lagi þyrfti síðan að keyra út nýja afrekaskrá sem var einnig gert af forritara. Í dag er beintenging þannig að um leið og gögn fara yfir í afrekaskrána birtast þau strax á vefnum.

Hvað vantar?

Í dag er afrekaskráin einungis tengd Þór mótaforritinu og öll önnur úrslit verða að vera sett inn af forritara. Á verkefnalista nefndarinnar er að forrita fleiri möguleika til að setja inn gögn. Til dæmis að önnur mótaforrit eins og Tímataka geti sett inn úrslit frá samþykktum mótum. Önnur leið væri að langhlaupanefnd gæti hlaðið inn Excel skjölum. Til þess að þetta sé hægt þarf að byrja að endurskipuleggja gagnagrunninn sem heldur utan um afrekin.

Félagatal

Hvað var gert?

Félagatalið fékk algjöra yfirhalningu og er núna hluti af Stjórnkerfi FRÍ sem er á slóðinni <https://admin.fri.is> -

Skrifstofa FRÍ er núna sjálfbær í að halda utan um íþróttahéruð, félög og iðkendur. Við

félagaskipti getur skrifstofan núna flett upp keppenda og breytt upplýsingum um hann í gegnum einfalt vefviðmót. Kerfið heldur líka utan um upplýsingar sem áður voru ekki til t.d. félagasögu og hvaða íþróttafélög eru innan Hvaða íþróttahéraða. Kerfið tengist Þór þannig að félagaskipti uppfærast í sjálfkrafa í Þór mótakerfinu.

Hvað vantar?

Þegar keppandi er stofnaður þá stofnast hann ekki sjálfkrafa í Þór.

Félagaskipti

Hvað var gert?

Farið var yfir reglugerð FRÍ hvað varðar félagaskipti og útbúið rafrænt viðmót á <https://felagaskipti.fri.is> sem leiðir keppanda í gegnum ferlið með rafrænum skilríkjum.

Hvað vantar?

Ferlið og flæðið er tilbúið en það vantar tengingar við rafræn skilríki og undirritanir. Samtal við Taktikal var hafið.

Mótaumsókn

Hvað var gert?

Farið var yfir reglugerð FRÍ hvað varðar mótaumsókn og útbúið rafrænt viðmót á <https://umsokn.fri.is> - í þeirri vinnu kom í ljós allskyns flækjur í reglugerðinni sem skráningarnefnd leggur til að verði einfaldað í framtíðinni. Skráningarnefnd mun leggja fram tillögu að breyttu ferli, flæði og flokkun móta. Á rafræna viðmótinu er hægt að velja um að halda mót eða hlaup. Þegar umsókn er lokið birtist hún inn í stjórnkerfi FRÍ (<https://admin.fri.is>) þar sem skrifstofan getur farið yfir umsóknina og gefið henni mismunandi stöður.

Hvað vantar?

Í dag getur skrifstofan ekki breytt hvaða greinar eiga fara fram. Þá vantar að geta opnað fyrir skráningu keppenda og að skrifstofan geti breytt og lagað skráningu. Það vantar líka tengingu yfir í mótaforrit sem getur haldið utan um mótið á mótisdag t.d. Þór, Tímatöku eða Roster.

Stjórnkerfi FRÍ

Hvað var gert?

Sett var upp stjórnkerfi FRÍ á <https://admin.fri.is> - þar getur skrifstofan haldið utan um iðkendur, félög, íþróttahéruð, greinar fyrir mót, greinaflokkun. Skrifstofan getur einnig haldið utan um réttindi dómara og flokkað þá (t.d. Greinadómari, landsdómari, etc). Kerfið heldur líka utan um öll mannvirki. Þá birtast umsóknir fyrir mót inn í stjórnkerfinu.

Hvað vantar?

Það vantar sérútbúna aðganga fyrir dómarnefnd svo hún geti haldið utan um réttindi dómara í kerfinu svo að rafrænar mótaumsóknir hafi réttan lista. Sömuleiðis vantar séraðgang fyrir mannvirkjanefnd til að hún geti haldið utan um mannvirki svo mótahald í mótaforriti verði sem þægilegast t.d. Fjöldi brauta, etc. Í kerfinu munu svo birtast félagaskipti sem fara fram rafrænt.

Mótaforrit

Hvað var gert?

Nefndin fór í að skoða mögulegar lausnir á mótaforritum, t.d. OpenTrack, Roster, sérsmiði eða breytingar á Þór.

Hvað vantar?

Halda áfram með þessa rannsóknarvinnu og taka ákvörðun um framhald.

Móta- og hlaupapassi

Hvað var gert?

Útbúin lítið demo-lausn (e. Proof of concept) til að halda utan um passa.

Hvað vantar?

Klára frá forritun og tengja við stjórnkerfið, félagatal og skráningar á mót.

////////////////////////////////////
Bergur Hallgrímsson,
formaður skráningarnefndarr

Unglinganefnd

Í október 2020 tóku nýir einstaklingar við stjórn unglinganefndarinnar en enginn þeirra sem sátu í nefndinni frá mars 2018 gáfu kost á sér að þessu sinni. Við stjórn nefndarinnar tóku þau Bjarni Amby Lárusson (formaður), Sigurður Kristinn Guðbjörnsson og Þuríður Helga Þorsteinsdóttir. Arna Stefanía Guðmundsdóttir bættist svo við í stjórn nefndarinnar í október 2021 og var hún mjög kærkomin viðbót enda má halda því fram að það sé almennt æskilegt að innan stjórnar sem þessarar sé nauðsynlegt að í það minnsta einn einstaklingur sem hafi reynslu af viðkomandi iþrótt.

Starf nefndarinnar var frekar rólegt á þessu tímabili og fyrir því liggja ýmsar ástæður. Fyrir það fyrsta má nefna að við undirrituð tókum við afskaplega góðu búi frá fyrri stjórnnum enda

var búið að leggja mjög góðan grunn að starfi unglínganefndarinnar, til að mynda gerð vinnureglna/stefnu FRÍ í unglíngamálum þar sem m.a. er að finna viðmiðunarreglur varðandi val í úrvalshóp og afrekshóp ungmenna sambandsins. Í öðru lagi voru verkefni tengd mótahaldi ungmenna í lágmarki á tímabilinu en óþarfi er að tíunda ástæður þess. Í þriðja og síðasta lagi hefur vinnan í þessum efnun færst að miklu leyti inn á skrifstofu FRÍ og átti nefndin afskaplega gott samstarf við Írisi Berg Bryde, verkefnastjóra. Fullyrða má að nefndin hafi í grunninn verið fyrst og fremst skrifstofunni til ráðgjafar við einstök verkefni. Helsta verkefnið á þessu tímabili var endurskoðun stefnu FRÍ í unglíngamálum en með þeirri vinnu var leitast við að endurskoða viðmiðunarreglur varðandi val á einstaklingum í hópana.

*Bjarni Lárusson,
formaður unglínganefndar*

Öldungaráð

Á síðasta þingi FRÍ, var Hafsteinn Óskarsson kjörinn formaður, en með honum í ráðinu hafa verið þau Friða Rún Þórðardóttir, Jón Bjarni Bragason og Malgorzata Sambor Zyrek. Miðað er við að innanlandsstarfið taki til þátttakenda í frjálssípróttum sem náð hafa 30 ára aldri en á alþjóðlegum vettvangi 35 ára aldri. Reynt hefur verið að skrásetja helstu atriði mótahalds á Facebook-síðu ráðsins, Frjálssípróttir eldri iðkenda, og greina frá því helsta, svo sem þegar met hafa verið slegin. Þar er einnig að finna talsvert af myndum.

Árið 2020, frá marsmánuði

Engin alþjóðleg mót voru haldin vegna Covid-19 faraldursins.

Öldungaráðið stóð fyrir Vormóti í Laugardal þann 6. júní. Þar mættu til leiks 12 keppendur í kastgreinum. Þá var Meistaramótið haldið í Hafnarfirði og sá FH um framkvæmd þess. Alls mættu 25 karlar og 10 konur til leiks. Besta afrek mótsins í karlaflokki vann Hafsteinn Óskarsson (60-64 ára), ÍR, fyrir 400 m hlaup og Anna Sofia Rappich (55-59 ára), UFA, fyrir 100 m hlaup.

Við mat á bestu afrekum ársins er notuð reikniformúla kennd við Howard Grubb. Samkvæmt henni náðu bestum árangri þau Anna Sofia Rappich, UFA, 56 ára í 60 m hlaupi, og Kristján Gissurarson, BBLIK, 67 ára, einnig í 60 m hlaupi.

Árið 2021

Vormót var haldið á vegum öldungaráðs á Laugardalsvelli þann 30. maí þar sem 9 kastarar mættu til keppni.

Meistaramótið var haldið á Sauðárkróki dagana 14.-15. ágúst. Keppendur voru skráðir 31 til keppni frá 13 félögum. Besta afrek í karlaflokki vann Þorkell Stefánsson í 100 m hl. en í kvennaflokki Fríða Rún Þórðardóttir í 1500 m hl.

MÍ innanhúss var haldið í Laugardalshöll 30.-31. október, eftir að hafa verið frestað vegna Covid-19. Umf. Fjölurir sá framkvæmdina. Skráði keppendur voru 33 talsins, þar af 6 konur. Bestu afrekin unnu þau Fríða Rún Þórðardóttir, ÍR, í 3000 m hlaupi og Helgi Hólm, Keflavík í hástökki.

Norðurlandameistaramót í víðavangshlaupi var haldið í Tullinge, Svíþjóð, 7. nóvember. Þar sigraði Fríða Rún Þórðardóttir í 50 ára flokki og 30-65 ára og Þórólfur Ingi Þórsson sigraði í 40 ára flokki og varð 3. í flokki 30-65 ára.

Besta afrek ársins í kvennaflokki vann Anna Sofia Rappich, UFA, fyrir 60 m innanhúss, orðin 56 ára og í karlaflokki var það Þorkell Stefánsson, UMSS, fyrir 100 m hlaup, orðinn 36 ára.

Árið 2022, janúar og febrúar

Fjórir keppendur tóku þátt í Evrópumeistaramóti 35 ára og eldri, innanhúss, sem haldið var í Braga í Pórtúgal 19. – 27. febrúar. Fríða Rún Þórðardóttir keppti í 50 ára flokki, Hafsteinn Óskarsson og Ívar Trausti Jósafatsson í 60 ára flokki og Skúli Guðbjarnason í 65 ára flokki. Fríða náði 3. sæti í 8 km víðavangshlaupi, 4. sæti í 1500 m og 3000 m hl. Hafsteinn náði 4. sæti í 400 m og 6. í 800 m þar sem hann náði að bæta eigið aldursflokkamet. Ívar varð 19. í 800 m, 22. í 1500 m og 12. í 3000 m hlaupi.

Alþjóðleg samvinna

Venjulega hafa fulltrúar ráðsins tekið þátt í fundum Norðurlandanna sem haldnir hafa verið í tengslum við Norðurlandamót, heimsmeistaramót og Evrópumót. Í Covid-19 faraldrinum hafa fundir Norðurlandþjóðanna farið fram á Netinu en engin fundarhöld hafa verið með heims- eða Evrópusamböndunum (WMA og EMA). Fulltrúar Norðurlandþjóðanna hittust augliti til auglitis í fyrsta sinn í tengslum við EM í Braga. Samkvæmt áætlun stóð til að halda Norðurlandamótið innanhúss hér á landi árið 2021 en því var frestað til 2022 og svo aftur til 2023. Undirbúningur hefur staðið yfir en í miklum hægagangi. Dagsetning hefur ekki verið ákveðin en það verður eitt af fyrstu verkefnum nýrrar nefndar að festa hana og staðsetningu. Áætlað er að halda heimsmeistaramót utanhúss í Tampere í Finnlandi í byrjun júlí.

////////////////////////////////////

Hafsteinn Óskarsson,
formaður öldungaráðs FRÍ

Íslandsmet sett árið 2020

Utanhúss

Karlar

Hlynur Andrésón	ÍR	1993	3000 metra hlaup	8:02,60	1.8.2020	Vught, NL
Hlynur Andrésón	ÍR	1993	10.000 metra hlaup	28:55,60	19.9.2020	Leiden, NLD
Hlynur Andrésón	ÍR	1993	Hálft maraþon	1:02,47	17.10.2020	Gdynia, POL
Guðni Valur Guðnason	ÍR	1995	Kringlukast (2,0 kg)	69,35	16.9.2020	Reykjavík
Hilmar Örn Jónsson	FH	1996	Sleggjukast (7,26 kg)	75,82	22.8.2020	Hafnarfjörður
Hilmar Örn Jónsson	FH	1996	Sleggjukast (7,26 kg)	77,10	27.8.2020	Hafnarfjörður
Hilmar Örn Jónsson	FH	1996	Lóðkast (15,0 kg)	21,87	4.9.2020	Selfoss

Piltar 18-19 ára

Valdimar Hjalti Erlendsson	FH	2001	Kringlukast (1,75 kg)	58,84	25.9.2020	Hafnarfjörður
Valdimar Hjalti Erlendsson	FH	2001	Kringlukast (1,75 kg)	58,78	27.8.2020	Hafnarfjörður

Piltar 16-17 ára

Birnir Vagn Finnsson	UFA	2003	60 metra hlaup	7,09	15.8.2020	Akureyri
----------------------	-----	------	----------------	------	-----------	----------

Konur

Vigdís Jónsdóttir	FH	1996	Sleggjukast (4,0 kg)	62,38	4.6.2020	Hafnarfjörður
Vigdís Jónsdóttir	FH	1996	Sleggjukast (4,0 kg)	62,58	27.6.2020	Hafnarfjörður
Vigdís Jónsdóttir	FH	1996	Sleggjukast (4,0 kg)	62,69	9.7.2020	Hafnarfjörður
Vigdís Jónsdóttir	FH	1996	Sleggjukast (4,0 kg)	62,70	11.7.2020	Hafnarfjörður
Vigdís Jónsdóttir	FH	1996	Sleggjukast (4,0 kg)	63,44	27.8.2020	Hafnarfjörður

Stúlkur 22 ára

Andrea Kolbeinsdóttir	ÍR	1999	Hálft maraþon	1:17:52	17.10.2020	Gdynia, POL
-----------------------	----	------	---------------	---------	------------	-------------

Stúlkur 17 ára

Eva María Baldursdóttir	Selfoss	2003	Hástökk	1,81	17.8.2020	Selfoss
-------------------------	---------	------	---------	------	-----------	---------

Stúlkur 14 ára

Álfrún Diljá Kristínardóttir	Selfoss	2006	Sleggjukast (3,0 kg)	40,40	19.8.2020	Selfoss
Álfrún Diljá Kristínardóttir	Selfoss	2006	Sleggjukast (3,0 kg)	41,05	22.8.2020	Selfoss
Álfrún Diljá Kristínardóttir	Selfoss	2006	Sleggjukast (3,0 kg)	41,12	3.9.2020	Hafnarfjörður

Stúlkur 13 ára

Ísold Sævarsdóttir	FH	2007	1000 metra hlaup	3:05:58	27.6.2020	Hafnarfjörður
Ísold Assa Guðmundsdóttir	HSK	2007	Hástökk	1,63	29.8.2020	Selfoss
Ísold Sævarsdóttir	FH	2007	Þrístökk	11,27	27.8.2020	Hafnarfjörður

Íslandsmet sett árið 2020

Innanhúss

Karlar

Kolbeinn Höður Gunnarsson	FH	1995	200 metra hlaup	21,21	29.2.2020	Birmingham, AL, USA
Trausti Þór Þorsteins	Á	1998	1 míla	4:05,58	18.1.2020	Staten Island, NY, USA
Hlynur Andrésón	ÍR	1993	1 míla	4:03,61	12.2.2020	Athlone, IE

Piltar 20-22 ára

Trausti Þór Þorsteins	Á	1998	1 míla	4:05,58	18.1.2020	Staten Island, NY, USA
Trausti Þór Þorsteins	Á	1998	1 míla	4:04,11	14.2.2020	Staten Island, NY, USA
Baldvin Þór Magnússon	UFA	1999	3000 metra hlaup	8:03,28	8.2.2020	Notre Dame, IN, USA

Piltar 16-17 ára

Kristján Viggó Sigfinnsson	Á	2003	Hástökk	2,13	19.1.2020	Reykjavík
Kristján Viggó Sigfinnsson	Á	2003	Hástökk	2,15	23.2.2020	Hafnarfjörður

Piltar 15 ára

Dagur Traustason	FH	2005	1500 metra hlaup	4:18,70	29.2.2020	Hafnarfjörður
Markús Birgisson	BBLIK	2005	Fimmtarþraut pilta 15 ára	2651	8.2.2020	Reykjavík

Konur

Erna Sóley Gunnarsdóttir	ÍR	2000	Kúluvarp (4,0 kg)	16,19	17.1.2020	Houston, TX, USA
Erna Sóley Gunnarsdóttir	ÍR	2000	Kúluvarp (4,0 kg)	16,19	17.1.2020	Houston, TX, USA
Vigdís Jónsdóttir	FH	1996	Lóðkast (9,08 kg)	18,04	14.2.2020	Nashville, TN, USA
Vigdís Jónsdóttir	FH	1996	Lóðkast (9,08 kg)	18,18	28.2.2020	Birmingham, AL, USA

Stúlkur 20-22 ára

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir	ÍR	2001	200 metra hlaup	24,05	19.8.2020	Reykjavík
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir	ÍR	2001	200 metra hlaup	23,98	22.8.2020	Reykjavík
Erna Sóley Gunnarsdóttir	ÍR	2000	Kúluvarp (4,0 kg)	16,19	22.8.2020	Houston, TX, USA
Erna Sóley Gunnarsdóttir	ÍR	2000	Kúluvarp (4,0 kg)	16,19	3.9.2020	Houston, TX, USA

Stúlkur 18-19 ára

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir	ÍR	2001	200 metra hlaup	24,05	19.1.2020	Reykjavík
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir	ÍR	2001	200 metra hlaup	23,98	2.2.2020	Reykjavík

Stúlkur 18-19 ára

Ísold Sævarsdóttir	FH	2007	Fimmtarþraut (76cm gr)	3017	8.2.2020	Reykjavík
--------------------	----	------	------------------------	------	----------	-----------

Íslandsmet sett á árinu 2021

Utanhúss

Karlar

Baldvin Þór Magnússon	UFA	1999	1500 metra hlaup	3:40,74	17.4.2021	Richmond, KY, USA
Hlynur Andrésón	ÍR	1993	3000 metra hlaup	8:01,37	13.5.2021	Vught, NED
Hlynur Andrésón	ÍR	1993	3000 metra hlaup	7:54,72	6.8.2021	Jessheim, NOR
Baldvin Þór Magnússon	UFA	1999	5000 metra hlaup	13:45,66	25.3.2021	Raleigh, NC, USA
Hlynur Andrésón	ÍR	1993	5000 metra hlaup	13:45,20	3.7.2021	Heusden-Zolder, BEL
Hlynur Andrésón	ÍR	1993	5000 metra hlaup	13:41,06	17.7.2021	Ninove, BEL
Hlynur Andrésón	ÍR	1993	Marapón	2:13,37	21.3.2020	Dresden, DEU

Piltar 20-22 ára

Baldvin Þór Magnússon	UFA	1999	1500 metra hlaup	3:40,74	17.4.2021	Richmond, KY, USA
Baldvin Þór Magnússon	UFA	1999	3000 metra hlaup	8:01,56	20.6.2021	Stara Zagora, BUL
Baldvin Þór Magnússon	UFA	1999	5000 metra hlaup	13:45,66	25.3.2021	Raleigh, NC, USA
Baldvin Þór Magnússon	UFA	1999	5000 metra hlaup	13:45,00	10.7.2021	Tallinn, EST

Piltar 14 ára

Arnar Logi Brynjarsson	FJÖLNIR	2007	100 metra hlaup	11,70	19.8.2021	Belfast, NI, UK
Arnar Logi Brynjarsson	FJÖLNIR	2007	100 metra hlaup	11,57	11.9.2021	Belfast, NI, UK
Arnar Logi Brynjarsson	FJÖLNIR	2007	200 metra hlaup	24,27	4.6.2021	Belfast, NI, UK
Arnar Logi Brynjarsson	FJÖLNIR	2007	200 metra hlaup	23,87	4.8.2021	Belfast, NI, UK
Arnar Logi Brynjarsson	FJÖLNIR	2007	200 metra hlaup	23,78	4.9.2021	Belfast, NI, UK
Arnar Logi Brynjarsson	FJÖLNIR	2007	300 metra hlaup	38,41	4.7.2021	Antrim, NI, UK

Piltar 13 ára

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson	SELFOSS	2008	Spjótkest (400 gr)	51,11	8.6.2021	Þorlákshöfn
Hjálmar Vilhelm Rúnarsson	SELFOSS	2008	Spjótkest (600 gr)	46,02	7.8.2021	Hafnarfjörður

Konur

Erna Sóley Gunnarsdóttir	ÍR	2000	Kúluvarp (4,0 kg)	16,72	6.4.2021	College Station, USA
Erna Sóley Gunnarsdóttir	ÍR	2000	Kúluvarp (4,0 kg)	16,77	16.5.2021	Murfreesboro, USA
Elísabet Rut Rúnarsdóttir	ÍR	2002	Sleggjukast (4,0 kg)	64,39	2.4.2021	Reykjavík

Stúlkur 20-22 ára

Hildigunnur Þórarinsd Tiana Ósk Whitworth Helga Margrét Haraldsd Guðbjörg Jóna Bjarnad	ÍR	1999	4x100 metra boðhlaup	47,22	12.6.2021	Akureyri
Erna Sóley Gunnarsdóttir	ÍR	2000	Kúluvarp (4,0 kg)	16,72	6.4.2021	College Station, USA
Erna Sóley Gunnarsdóttir	ÍR	2000	Kúluvarp (4,0 kg)	16,77	16.5.2021	Murfreesboro, USA
Elísabet Rut Rúnarsdóttir	ÍR	2002	Sleggjukast (4,0 kg)	64,39	2.4.2021	Reykjavík

Stúlkur 18-19 ára

Glódís Edda Þuríðardóttir	KFA	2003	100 metra grind (84 cm)	14,03	20.6.2021	Stara Zagora, BUL
Glódís Edda Þuríðardóttir	KFA	2003	100 metra grind (84 cm)	14,00	4.7.2021	Selfoss
Elísabet Rut Rúnarsdóttir	ÍR	2002	Sleggjukast (4,0 kg)	64,39	2.4.2021	Reykjavík

Stúlkur 16-17 ára

Arndís Diljá Óskarsdóttir	FH	2004	Spjót kast (500 gr)	45,93	25.5.2021	Selfoss
Júlía Kristín Jóhannesdóttir	BBLIK	2005	100 metra grind (76,2 cm)	14,28	4.7.2021	Selfoss

Stúlkur 15 ára

Ísold Sævarsdóttir	FH	2007	1000 metra hlaup	3:00,44	5.7.2021	Hafnarfjörður
--------------------	----	------	------------------	---------	----------	---------------

Stúlkur 14 ára

Ísold Sævarsdóttir	FH	2007	Langstökk	5,62	10.7.2021	Hafnarfjörður
Birna Jóna Sverrisdóttir	UÍA	2007	Sleggjukast (3,0 kg)	41,98	21.8.2021	Akureyri
Ísold Sævarsdóttir	FH	2007	1000 metra hlaup	3:00,44	5.7.2021	Hafnarfjörður
Birna Jóna Sverrisdóttir	HÖTTUR	2007	Sleggjukast (4,0 kg)	36,10	26.10.2021	Reykjavík
Birna Jóna Sverrisdóttir	UÍA	2007	Sleggjukast (3,0 kg)	41,17	18.7.2021	Laugar
Birna Jóna Sverrisdóttir	HÖTTUR	2007	Sleggjukast (3,0 kg)	42,70	26.10.2021	Reykjavík

Stúlkur 12 ára

Helga Fjóra Erlendsdóttir	GARPUR	2009	300 metra grind (76,2 cm)	53,97	17.8.2021	Selfoss
---------------------------	--------	------	------------------------------	-------	-----------	---------

Íslandsmet sett á árinu 2021

Innanhúss

Karlar

Baldvin Þór Magnússon	UFA	1999	3000 metra hlaup	7:53,92	6.2.2021	Allendale, USA
Baldvin Þór Magnússon	UFA	1999	3000 metra hlaup	7:53,72	13.3.2021	Fayetteville, USA

Piltar 20-22 ára

Baldvin Þór Magnússon	UFA	1999	3000 metra hlaup	7:53,92	6.2.2021	Allendale, USA
Baldvin Þór Magnússon	UFA	1999	3000 metra hlaup	7:53,72	13.3.2021	Fayetteville, USA

Piltar 16-17 ára

Sindri Dagur Sigurðsson	BBLIK	2004	2000 metra hlaup	6:30,38	30.1.2021	Hafnarfjörður
-------------------------	-------	------	------------------	---------	-----------	---------------

Piltar 14 ára

Arnar Logi Brynjarsson	FJÖLNIR	2007	200 metra hlaup	23,45	20.11.2021	Athlone, IRL
Arnar Logi Brynjarsson	FJÖLNIR	2007	60 metra grind (84,0 cm)	8,64	20.11.2021	Athlone, IRL

Piltar 12 ára

Karl Sören Theodórsson	Á	2009	Stangarstökk	2,46	11.12.2021	Reykjavík
------------------------	---	------	--------------	------	------------	-----------

Konur

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir	ÍR	2001	60 metra hlaup	7,46	26.2.2021	Reykjavík
Erna Sóley Gunnarsdóttir	ÍR	2000	Kúluvarp (4,0 kg)	16,95	21.2.2021	Birmingham, AL, USA

Stúlkur 20-22 ára

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir	ÍR	2001	60 metra hlaup	7,46	26.2.2021	Reykjavík
Andrea Kolbeinsdóttir	ÍR	1999	3000 metra hlaup	9:40,54	27.1.2021	Reykjavík
Erna Sóley Gunnarsdóttir	ÍR	2000	Kúluvarp (4,0 kg)	16,95	21.2.2021	Birmingham, AL, USA

Stúlkur 18-19 ára

Birna Kristín Kristjánsdóttir	BBLIK	2002	60 metra grind (84,0 cm)	8,67	16.2.2021	Hafnarfjörður
Birna Kristín Kristjánsdóttir	BBLIK	2002	60 metra grind (84,0 cm)	8,65	20.2.2021	Reykjavík
Birna Kristín Kristjánsdóttir	BBLIK	2002	Langstökk	6,01	7.2.2021	Reykjavík
Birna Kristín Kristjánsdóttir	BBLIK	2002	Langstökk	6,08	28.2.2021	Reykjavík

Stúlkur 16-17 ára

Júlía Kristín Jóhannesdóttir	BBLIK	2005	60 metra grind (76,2 cm)	8,57	20.2.2021	Reykjavík
------------------------------	-------	------	-----------------------------	------	-----------	-----------

Lykiltölur úr ársreikningum FRÍ

Rekstrartekjur

-	2021	2020
Framlög og styrkir	74.300.212	58.754.037
Tekjur af mótum	3.936.709	3.828.289
Aðrar tekjur	6.458.437	7.537.000
Samtals	84.695.358	70.119.326

Rekstrargjöld

-	2021	2020
Laun og tengd gjöld	29.261.594	21.659.584
Greiðslur til keppenda	22.677.018	24.727.816
Móta- og ferðakostnaður	19.378.571	8.620.156
Rekstur skrifstofu	6.555.159	5.144.572
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	4.031.899	4.444.928
Niðurfærsla á kröfum	0	314.452
Ýmis kostnaður	1.815.126	367.036
Samtals	83.719.367	65.278.544

Rekstrarliður

-	2021	2020
Rekstrartekjur	84.695.358	70.119.326
Rekstrargjöld	83.719.367	65.278.544
Hagnaður fyrir fjárm. & gjöld	975.991	4.840.782
Vaxtatekjur	197.827	485.791
Vaxtagjöld	40.180	249
Hagnaður af reglul. starfsemi	1.133.638	5.326.324
Afskriftir tímatökutækja	509.146	636.432
Gjöld af eignarhl. í dótturfélagi	18.288	21.374
Hagnaður ársins	606.204	4.689.892

Eignir

-	2021	2020
Fastafjármunir	2.036.583	2.545.729
Áhættufjárm. og langtímakröfur		
Verðbréf	21.600.485	21.419.149
FRÍ ehf.	500.000	500.000
Alls áhættufj. & langtímakr.	22.100.485	21.919.149
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	6.696.509	2.323.789
Bankainnistæður	17.260.168	19.427.868
Alls veltufjárm.	23.956.677	21.751.657
Eignir samtals	48.093.745	46.216.535

Eigið fé og skuldir

-	2021	2020
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	40.479.221	35.810.703
Hagnaður ársins	606.204	4.668.518
Samtals eigið fé	41.085.425	40.479.221
Skammtímaskuldir		
Laun og launatengd gjöld	3.858.213	1.922.644
Ýmsar skammtímaskuldir	197.878	880.729
Skuldbinding v.eignar í FRÍ ehf.	2.952.229	2.933.941
Samtals skammtímask.	7.008.230	5.737.314

